



Kiktu í BT
BT
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Fimmtudagur 31. mars 2005 · 13. tbl. · 22. árg.



Fulltrúi Skjólskóga mælir hæð snjókarlsins í viðurvist lögreglunnar. Ljós: Unnar Reynisson.

Hæsti snjókarl landsins

Hæsti snjókarl Íslands-sögunnar var reistur á Suðureyri við Súgandafjörð á páskadag. Snjókarlinn mældist 6,36 metrar á hæð en á milli 30 og 40 manns komu að gerð hans. Bygging snjókarlsins hófst kl. 13 og var hann fullgerður kl. 17. Notuð var löggild trjá-mælistika Skjólskóga til að mæla hæð snjókarlsins og fylgdist fulltrúi sýslumanns með til að tryggja að mælingin færi löglega fram.

Aðstæður til byggingarinnar voru einstaklega erfðar, hitastig um 10 gráður og þurfti því af öryggis-ástæðum að fella snjókarlinn að kvöldi dags.

„Margir lögðu hönd á plóg, en þar ber helst að nefna blikksmiði Ísblikks sem útbjuggu mót til verksins, bændurnar í Botni og Birkihlíð í Súgandafirði sem útveguðu snjóinn“, segir Unnar Reynisson, einn skipuleggjenda gjörningsins. – halfdan@bb.is



Afmælistertan eins og Skutulsfjörður

Sjöttu ára afmæli Skíðavikunnar var fagnað í íþróttahúsinu á Torfnesi á páskadag. Boðið var upp á kökuskúlptúr sem var í laginu eins og Skutulsfjörður, en bandaríska listakonan Holly Hughes hafði umsjón með að setja skúlptúrinn saman með aðstoð þeirra sem vildu leggja hönd á plóg. Fyrr um daginn hafði öllum þeim sem vildu verið boðið að taka þátt í kökuskúlptúrgerðinni. Þá var afmælið sungurinn sunginn og nemendur í öðrum bekk grunnskólans á Ísafirði fluttu lítinn leikþátt. Aðstöðu þar sem börnin gátu brugðið á leik var komið upp í hluta íþróttahússins þar sem meðal annars var boðið upp á trampólín hopp og blak og vakti það mikla kátínu meðal yngri kynslóðarinnar. Meðfylgjandi mynd af tertunni tók Þorsteinn J. Tómasson.

– thelma@bb.is

Rækjuverksmiðjan Miðfell hf. á Ísafirði

Leitar nauðasamninga

Miðfell hf. sem rekur rækjuverksmiðju á Ísafirði hefur lagt inn beiðni til Héraðsdóms Vestfjarða um að fyrirtækinu verið veitt heimild til nauðasamninga. Nauðasamningarnir munu ná til almennra krafna félagsins og samkvæmt frumvarpi að samningnum býðst félagið til þess að greiða 30% krafna í einni greiðslu innan fjögurra vikna frá því að nauðasamningur hefur verið staðfestur endanlega fyrir

dómi. Þá geta kröfuhafar einnig valið að eignast hlutafé í félaginu fyrir sömu fjárhæð að nafnverði og krafa þeirra stendur í á úrskurðardegi. Allar kröfur undir 50 þúsund krónum greiðast að fullu. Í bréfi sem fyrirtækið hefur sent lánadrottnum sínum kemur fram að unnið hafi verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins að undanförmu. „Nú hefur með samningum við Byggðastofnun og helstu lána-

drottna um skuldbreytingar og nýjum langtíma fyrirgreiðslum, tekist að útvega fjármagn til áframhaldandi aðgerða til bjargar félaginu“ segir í bréfinu. Miðfell hf. var stofnað árið 1999 og hefur rekið rækjuverksmiðju að Sindragötu 1 á Ísafirði. Á síðasta ári var unnið úr um 7.000 tonnum af hráefni hjá fyrirtækinu og var velta félagsins um 1.200 milljónir króna. Starfsmenn félagsins í

dag eru um 40 en hafa verið um 70 þegar þeir hafa verið flestir. Félagið er því einn af stærstu vinnustöðum bæjarins. Stærstu hluthafar félagsins eru Kagrafell ehf. á Ísafirði með 45,8%, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. í Hnífsdal með 33% og Ísafjarðarbær með 16% hlut. Ísafjarðarbær gerðist hluthafi í félaginu á síðasta ári þegar skuldum félagsins við bæinn var breytt í hlutafé. – hj@bb.is

úrval
Samkaup

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
Verið velkomin!

Samkaup úrval
NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

INNANLANDS er...

öflugasta flutingsmið á Íslandi. Við höfum samráð með flestum flutings- og gæðisvörðum um land allt í öllum höfuðstöðum flutingsmiðsins. Við bjóðum daglega ferðir og öflugan óvinsældisþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flutningum á koddum og tryggtum aluðum.

EIMSKIP
 INNANLANDS

Getagjafir: 05 104 Reykjavík Sími 505 1700 Fx 505 1700 www.eimskip.is

Margir vilja kvóta

Alls sóttu 27 bátar um samtals 480 tonna byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar eftir að bærinn auglýsti 120 tonna byggðakvóta sem ákveðið var að ráðstafa til Suðureyrar og Flateyrar. Umsóknarfrestur rann út á dögunum. Kvóti sá sem sótt er um til einstakra báta er mjög mismunandi eða allt frá 10 tonnum og upp í 60 tonn eða um helming þess kvóta sem til ráðstöfunar er. Listi yfir umsækjendur var lagður fram í bæjarráði Ísafjarðarbæjar í síðustu viku og fól ráðið bæjarstjóra að vinna úr umsóknunum.



Rólegt hjá lögreglunni

Rólegt var hjá lögreglunni á Ísafirði yfir páskana miðað við þann fjölda fólks sem var í bænum. Lögreglan var í þó viðbragðsstöðu yfir hátíðina með aukinn mannskap á vakt. Þá voru 70 bílar stöðvaðir á leið út úr bænum á mánudag og ökumenn þeirra látnir blása. Var tveimur þeirra gert að hætta akstri þó þeir væru undir leyfilegum mörkum. Voru þeir látnir blása aftur að stund liðinni og fengu þá að halda áfram leið sinni. Mikill fjöldi var að skemmta sér í miðbæ Ísafjarðar á aðfararnótt sunnudags eftir rokkhátíð alþýðunnar. Aldrei fór ég suður, en fór skemmtana-haldið tiltölulega friðsamlega fram að sögn lögreglunnar.

Ölvaður á stolnum bíl

Ölvaður ökumaður tók bifreið ófrjálsri hendi að morgni mánudags og ók henni um Ísafjörð þar til lögregla hóf eftirför. Ökumaðurinn fannst órfáum mínútum síðar milli húsa á Ísafirði og var handtekinn. Hann gisti fangageymslu fram á miðjan dag uns af honum var runnin áfengisvíman. Í ljós kom að ökuþorinn hafði verið sviptur ökuréttindum fyrir svipað brot, ölvun við akstur. Hann var því auk þess að vera ölvaður undir stýri, réttindalaus og á stolinni bifreið. Rétt er að geta þess að bifreið þessi var nánast tilbúin til aksturs, skilin eftir með lykla í kveikjúlási.



Um 30 manns fóru í gönguna. Ljós: Þorsteinn J. Tómasson.

Skemmtisigling um Jökulfirði

Um 30 manns fóru í gönguferð og skemmtisiglingu um Jökulfirði sem Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar buðu upp á föstudaginn langa. „Ferðin heppnaðist mjög vel og fólk var mjög ánægt með hana. Þetta var reglulega gaman“, segir Guðrún Kristjánsdóttir, annar eigenda Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar. Ferðin var farin

í tengslum við Skíðavíkuna á Ísafirði. Siglt var norður að Flæðareyri. Þar var göngufólk sett í land og fór það í léttu göngu ásamt leiðsögumanni yfir í Grunnavík. Hinir sigldu áfram með bátinum í skoðunarferð um Jökulfirði og fóru í land í Grunnavík, þar sem þeir sameinuðust göngumönnum í Sútarabúð. – thelma@bb.is



Göngufólk tók land að Flæðareyri og gekk yfir í Grunnavík.

Mikil óánægja með fækkun ferða Baldurs

Vegagerðin hefur tekið ákvörðun um að fella niður seinni föstudagsferð ferjunnar Baldurs sem siglir milli Stykkishólms, Flateyrar og Brjáns-lækjar. Mikil óánægja er með ákvörðunina og hefur bæjarráð Vesturbyggðar mótmælt henni harðlega. Framkvæmdastjóri Sæferða sem rekur ferjuna fyrir Vegagerðina vill halda ferðinni á áætlun. Fyrir nokkru tilkynnti Vegagerðin um að frá 1. apríl yrði felld niður seinni ferð ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð. Siglir skipið

því eina ferð á dag alla daga vikunnar þar til sumaráætlun tekur gildi 1. júní. Fyrir um tveimur árum var vetraráætlun ferjunnar breitt á þann veg að farnar voru síðdegisferðir á þriðjudögum og föstudögum. Var þessi áætlun sett upp til reynslu. Fljótlega var síðdegisferðin á þriðjudögum um lögð af vegna lítillar aðsóknar og nú hefur verið tekin sú ákvörðun eins og áður sagði að fella niður seinni ferð föstudagsins líka. Pétur Ágústsson framkvæmdastjóri Sæferða í

Stykkishólmi, sem rekur ferjuna Baldur fyrir Vegagerðina, segist hafa orðið var við mikla óánægju með þessa ákvörðun. „Okkar mat hefur verið að ein ferð nægi ekki á föstudögum og því hefðum við kosið að halda áætluninni óbreyttri. Við verðum sérstaklega varir við óánægju hjá þeim sem flytja út ferskan fisk með flugi“, segir Pétur.

Á fundi bæjarráðs Vesturbyggðar fyrir nokkru var ákvörðun Vegagerðarinnar kynnt. Vakti hún litla gleði

bæjarráðsmanna sem samþykktu eftirfarandi ályktun: „Bæjarráð Vesturbyggðar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun Vegagerðarinnar sem boðuð hefur verið um breytingu á áætlun Breiðafjarðarferjunnar Baldurs þar sem aflögð er aukaferð sú sem farin hefur verið á föstudögum um langt skeið. Telur ráðið að boðuð breyting sé í hróplegu ósamræmi við þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað í nýtingu ferjunnar af íbúum og ferðamönnum en ekki síður

þegar horft er til stóruakinnar nýtingar af hálfu atvinnufyrirtækjanna á athafnasvæði ferjunnar beggja vegna Breiðafjarðar. Skorar bæjarráð á samgönguráðherra og þingmenn Norðvesturkjördæmis að beita sér fyrir því að umrædd boðuð breyting verði afturkölluð og fremur verði unnið að því í samvinnu við heimamenn að efla þjónustu ferjunnar.”

Eins og áður sagði tekur sumaráætlun ferjunnar gildi 1. júní og gildir hún til 1. september. – hj@bb.is

Bátur fastur í slippnum á Ísafirði

Dragnótarbáturinn Páll á Bakka ÍS-505 er fastur í dráttarbrautinni á Suðurtanga eftir að efri hluti sledans fór út af braut sinni á þriðjudagsmorgun þegar taka átti bátinn í slipp. Það voru starfsmenn Skipanausts ehf. á Ísafirði sem unnu við að koma bátinum upp er óhappið varð.

Að sögn Aðalsteins Ómars Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra Skipanausts ehf. var hætt að hífa bátinn upp er í ljós kom að sledinn var kominn af sporinu. Hann segir undirstöður dráttarbrautarinnar í frekar slæmu ásigkomulagi. Það er tryggingafélag Skipanausts ehf. sem ber skaða af óhappinu en vonast var til að skipið náist óskemmt á flot. Dráttarbrautin er í eigu Hafnarsjóðs Ísafjarðarbæjar en Skipanaust ehf. hefur brautina á leigu. – hj@bb.is



Páll á Bakka ÍS-505 fastur í slippnum.



Margt var í sundlauginni í Bolungarvík.

Upprisutónleikar í sundlauginni í Bolungarvík

Fjölmenn var á svokölluðum upprisuþónleikum sem haldnir voru í sundlauginni í Bolungarvík á páskaðag. Tónleikarnir voru liður í rokkháttíðinni Aldrei fór ég suður.

Neðanvatnsborðshátalari var notaður á tónleikunum og þurftu gestir að hafa eyrun undir vatni vildu þeir heyrastónlist hljómsveitanna Múms og Borkós.

Áður en haldið var til laugar báðu popparar veitingar hjá hinum bolvísku Vagnssysturum. Síðar um kvöldið var boðið upp á fiskisúpu og páskaþvín í Tjörúhúsinu á Ísafirði.

Leggst refaveiði af í Súðavíkurbreppi?

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps telur víst að refaveiði í sveitarfélaginu leggst af að mestu næstu tvö sumur að minnsta kosti vegna minnkandi framlaga ríkissjóðs til eyðingar refa og minka. Hann segir málið ekki einkamála sveitarfélaga og ríkið verði að axla sínar skyldur eigi að halda þessum dýrategundum í skefjum. Á síðasta ári fóru um 5% af skatttekjum hreppsins í þennan málaflökk.

Á fundi landbúnaðarnefndar Súðavíkurbrepps á dögunum var lagt fram yfirlit yfir kostnað sveitarfélagsins við eyðingu refa og minka á árunum 2000-2004. Kom þar

fram að kostnaðurinn hefur verið 1,7-2,3 milljónir króna á ári. Á árum áður skiptu ríki og sveitarfélög á milli sín kostnaði við eyðinguna en frá árinu 2003 hefur ríkið einungis greitt um 30% af kostnaði sem hefur leitt af sér aukinn kostnað þeirra sveitarfélaga sem sinnt hafa eyðingunni.

Að lokinni umræðu í nefndinni var samþykkt að leggja til við hreppsnefnd að ekki verði ráðnir verktakar til að sinna grenjavinnslu á ref næstu tvö árin þ.e. árin 2005 og 2006. Segir í tillögunni að á þeim tíma verði þó tryggt að hægt verði að kalla út veiðimann til að sinna sérverkefnum t.d. ef vart verður við dýrbíta.

Ómar Már segist telja víst að tillaga nefndarinnar verði samþykkt í hreppsnefnd. „Þessi mál hafa verið rædd mikið hér undanfarin ár og þessi tillaga er í raun niðurstaða þeirrar umræðu. „Eyðing refa og minka er ekki einkamála einstakra sveitarfélaga. Við teljum okkur hafa staðið mjög vel að þessum málum á undanföllum árum en því miður er svo ekki um alla. Þegar ríkið ákveður einhliða að minnka sinn hlut í kostnaði hlýtur eitthvað að láta undan. Það er mjög leitt að þurfa að láta undan síga í þessu máli en við stöndum ekki undir þessu lengur“, segir Ómar Már. – hj@bb.is




Maija Kovalevska sópransöngkona og Dzintra Erliha píanóleikari halda tónleika í Hörmum á laugardag.

Lettneskar stjórnur skemmta í Hörmum

Maija Kovalevska sópransöngkona og Dzintra Erliha píanóleikari halda tónleika í Hörmum, sal Tónlistarkóla Ísafjarðar, kl. 17 á laugardag en báðar eru þær margverðlaunaðar upprennandi stjórnur í heimalandi sínu, Lettlandi. Á fyrri hluta tónleikanna flytja þær tónlist eftir fjögur virt lettnesk tónskáld. Meðal annars mun Erliha leika tvo þætti úr glænýju píanóverki eftir hinn virta organista og tónskáld Aivars Kalejs en verkið frumflutti hún fyrir aðeins örfáum dögum í Lettlandi að beiðni tónskáldsins. Eftir hlé má heyrastónlist svo sem arfur eftir Puccini og Bellini, auk verka eftir Chop-

in. Sópransöngkonan Maija Kovalevska hefur þegar vakið mikla athygli í Lettlandi og víðar, og unnið til margvíslegra verðlauna fyrir list sína. Þrátt fyrir ungan aldri hefur hún sungið stór hlutverk við Þjóðaróperuna í Lettlandi, og fyrir skömmu hlaut hún Lettnesku þjóðarverðlaunin í tónlist (National Music Award of Latvia). Er þetta þriðju áskriftartónleikar Tónlistarfélag Ísafjarðar á þessu starfsári. Áskriftartónleikar félagsmanna gilda en einnig verða seldir miðar við innganginn á 1.500 kr. Skólafólk 20 ára og yngri fær ókeypis aðgang að tónleikunum. – thelma@bb.is



Grafískur hönnuður Prentsmiður

Óskum eftir að ráða grafískan hönnuð eða prentsmið. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á helstu umbrots- og myndvinnsluforritum s.s. Corel Draw, Freehand, Illustrator, Photoshop, Page Maker, Quark og InDesign. Einnig er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á vefhönnun og umsjónu netkerfa s.s. .net og Windows.

Starfsvið:

Grafísk hönnun, umbrot, vefumsjón (www.bb.is), umsjón með ljósmyndasafni og gagnageymslu.

Viðkomandi þarf að hafa fágæða framkomu, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustuhand og geta hafið störf eigi síðar en í maí eða júní.

Umsóknir sendist til H-prent ehf., Sólguðu 9, 400 Ísafirði eða á netfangið bb@bb.is. Allar nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560

X H-PRENT ehf

Draumurinn er að komast í NBA

Joshua Helm, leikmaður Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar, vakti mikla athygli á vetur þrátt fyrir að gengi liðsins í InterSportdeildinni hafi ekki verið gott og KFÍ fallið. Helm var langstígahesti leikmaður deildarinnar á nýliðinni leiktíð og skoraði skorað 819 stig í 22 leikjum eða 37,2 í leik að meðaltali. Einnig sló hann félagsmet KFÍ með því að taka 309 fráköst. Segja fróðir menn að met hans verði seint slegið en stigametið átti Stevie Johnson og hefur það staðið síðan 1996. Joshua Helm kemur af víðlendi Bandaríkjanna og því hafa það verið talsverð viðbrögð að koma til lítils sjávarbæjar á Vestfjörðum. Bæjarins besta ræddi við Joshua um lífið í körfuboltanum og dvölinna á Ísafirði.

– Þú ert frá Bandaríkjunum, hvaðan í Bandaríkjunum?

„Ég kem frá borginni Columbus í Ohio og spilaði þar áður með skólanum Mercyhurst College í Pennsylvaníu. Ísland er mjög ólíkt heimahögum mínum, ég er ekki vanur fjöllum og svona miklum sjó. Í Pennsylvaníu þar sem ég gekk í skóla var reyndar oft kalt og ég vandist snjónum þar. Ég á fjórar systur og er eini strákurinn. Ég hef saknað mömmu minnar og pabba og því verður gott að komast heim. Ég hafði mikinn áhuga að leika í Evrópu og fannst þetta vera gott tækifæri. Ég sé ekki eftir því að hafa komið. Undanfari þess að ég kom til Ísafjarðar var sá, að þjálfari minn þekkti John Rhodes sem hafði leikið á Íslandi í fimm ár. Hann kom mér í samband við umboðsmann í Reykjavík sem ég sendi myndband af mér að spila. Þeir hjá KFÍ sáu myndbandið og leist vel á mig svo þeir fengu mig. Þannig var nú það.“

– Vissirðu eitthvað um Ísafjörð áður en þú komst?

„Reyndar vissi ég ekki mikið. Ég bjóst ekki við því að koma hingað nokkurn tíma. Það eina sem ég vissi var að veðurfarið væri ekki eins slæmt og maður myndi búast við miðað við heitið á landinu. Ég kynnti mér þó Ísland áður

en ég kom og vissi nokkurn veginn við hverju var að búast. Ég leitaði mér upplýsinga á Netinu og Guðjón Þorsteinsson sendi mér myndir svo að ég hafði einhverja hugmynd um Ísafjörð þegar ég kom.“

– Nú spyr ég hinnar klassísku spurningar: Hvernig líkar þér við Ísland?

„Dvöl mín hér hefur verið góð og að koma frá Bandaríkjunum hingað var ekki eins mikil breyting og ég hélt að yrði. Að sjálfsgöðu er munur á stöðunum en að mörgu leyti er Ísland ekki eins ólíkt Bandaríkjunum og maður hefði haldið. Íbúar Ísafjarðar hafa líka staðið sig vel við að láta mig finna að ég sé velkominn og hjálpað mér að aðlagast samfélaginu. Mér líkar vel að vera hér og ég mun sakna Íslands. Guðjón og hans fólk reyndist mér eins og fjölskylda og ég bjóst ekki við því er ég kom hingað. Ég eignaðist margar góðar minningar á Ísafirði og fyrir utan að hafa farið norður yfir landamærin til Kanada, þá er þetta eina landið sem ég hef ferðast til. Þetta var góð reynsla sem opnaði augu mín. Mig langar að ferðast til fleiri landa og sjá hvað heimurinn hefur að bjóða.“

– Býstu við því að koma aftur til Íslands?

„Það er möguleiki að ég komi aftur á næstu leiktíð og leiki með öðru félagi. Ef það gengur ekki eftir þá mun ég koma einhvern tíma í heimssókn til Íslands. Þá heimsæki ég pottþétt Ísafjörð. Gaman verður að koma og sjá hvernig öllum gengur.“

Gerir mitt besta í hverjum leik

– Nú slóst þú metið sem stígahesti leikmaður úrvalsdeildarinnar frá upphafi með núverandi fyrirkomulagi. Hvernig tilfinning var það?

„Ég bjóst aldrei við neinu slíku þegar ég kom til Íslands og hóf leiktíðina. Ég veit að það eru margir góðir leikmenn á Íslandi og hafa verið í gegnum tíðina og því er þetta mikill heiður. Þrátt fyrir að KFÍ hafi ekki gengið sérlega vel, þá

var leiktíðin mjög lærdómsrík og allir liðsmennirnir bættu sig. Þó við ynnum ekki marga leiki fannst mér líðið eiga velgengi að fagna á öðrum sviðum.“

– Þegar þú varst stígahesti maðurinn leik eftir leik og metið í augsýn, var það ætlu þín að slá það?

„Ég hafði reyndar ekki hugmynd um metið fyrir en ég hafði slegið það. Mitt hlutverk í liðinu var að skora og ég gerði mitt besta í hverjum leik. Ég var bara ánægður að koma boltanum svona oft ofan í körfuna en var ekki að stefna að því að slá nein met. Þegar ég lít til baka yfir leiktíðina er ég mjög sáttur.“

– Ef þú kemur aftur á næsta ári, verður það markmið hjá þér að bæta þitt eigið met?

„Í hreinskilni sagt held ég að ég ætti erfitt met að slá það. Það er heiður að hafa slegið þetta met en ég vil frekar vinna fleiri leiki. Gaman væri að verða meistari með liði mínu.“

– Hve langt stefnirðu í körfuknattleiknum?

„Auðvitað er draumurinn að spila í NBA en það gæti verið langsótt. Ég mun gera það besta sem ég get og takist mér ekki að komast þangað, þá mun ég setta mig við það. Ég ætla samt að vinna hörðum höndum að því að verða betri og sjá hve langt ég kemst.“

Ég dýrka þessa íþrótt

– Þú gast þér gott orð sem þjálfari yngri flokka á Ísafirði.

„Ég fékk tækifæri til að þjálfra stráka á aldrinum 13-18 ára og lærði margt af því. Ég er nú svo sem ekki mikið eldri en ég held ég hafi öðlast virðingu þeirra og þeir hafi hlustað á ráð mín. Ég hef haft marga þjálfara í gegnum minn ferill og reyndi að miðla áfram þekkingu minni sem ég fékk frá þeim. Þetta var góð reynsla fyrir mig og ég vona fyrir strákana líka. Þeir sýndu mikla framför þegar dró að lokum leiktíðarinnar. Þeir þroskuðust og öðluðust sjálföryggi þegar þeir sáu hverju þeir gátu áorkað á vellinum.“



Ég hef alltaf ætlað mér að verða þjálfari þegar ég get ekki spilað lengur körfubolta. Ég dýrka þessa íþrótt og vil alltaf vera viðriðinn hana. Ég vona að þegar sá tími kemur að ég verð að hætta að spila, þá geti ég verið þjálfari við einhvern skóla eða aðstoðarþjálfari. Ég fékk óvænt tækifæri til að þjálfra drengjaflokkana þegar frá þeim. Þetta var góð reynsla fyrir mig og ég vona fyrir strákana líka. Þeir sýndu mikla framför þegar dró að lokum leiktíðarinnar. Þeir þroskuðust og öðluðust sjálföryggi þegar þeir sáu hverju þeir gátu áorkað á vellinum.

hafði áður verið aðstoðarþjálfari en þetta var í fyrsta sinn sem ég var einn við stjórnvöllinn.

Þetta voru frábærir sex mánuðir sem ég dvaldi á Ísafirði. Ég er mjög þakklátur fyrir það hversu vel var tekið á móti mér á Ísafirði. Guðjón, liðsmenn mínir og KFÍ-stjórnin, allir hafa verið frábærir. Ég óska félagum mínum í KFÍ hætta. Ég var beðinn að taka það að mér, sem var alveg tilvalið. Á milli leikja hafði ég ekki mikið að gera nema lyfta lóðum og æfa mig. Þetta var því eitthvað jákvætt sem ég gat gert við tíma minn. Ég

aði mér að aðlagast fyrst þegar ég kom. Allir í liðinu eru frábærir strákar og góðir félagar á vellinum sem og utan hans.“

– Hvað segirðu við þeim ályktunum að stigametið þitt verði seint slegið?

„Ég held að það gæti reynst erfitt en fyrir eða síðar kemur einhver sem er betri og mun bæta það. Ég nýt þess bara að vera methafinn eins og er“, segir Joshua, sem þrátt fyrir að vera stígahesti leikmaður úrvalsdeildar í körfuknattleik á Íslandi frá upphafi núverandi fyrirkomulags er jarðbundinn og rólegur yfir heiðrinum.

– thelma@bb.is

Þakkir til íbúa Ísafjarðar

Sjúkraliðanemar frá menntaskólanum í Klíppan í Svíþjóð sem dvöldu á Ísafirði í vikutíma um miðjan mars hafa beðið blaðið fyrir eftirfarandi kveðju til heimanna:

„Kæru nýju og fjarlægðu vinir. Við höfðum lengi hlakkað til ferðar okkar um Ísland. Þegar við komum

vorum við full væntinga, en engin okkar hefði getað gert sér í hugarlund hvað við myndum finna og upplifa í ykkar óvenjulega en jafnframt mjög fallega landi. Við viljum þakka íbúum Ísafjarðar fyrir að gera ferð okkar svo minnisstæða og fyrir að vera góð og gestrisin og taka á móti okkur á þennan hátt. Við viljum þakka öll-

um nemendum, kennurum og starfsfólki Menntaskólans á Ísafirði. Sérstaklega viljum við þakka Inga Þór Ágústssyni, Ingibjörgu Ingadóttur, Arndísi Björnsdóttur og Halldóri Sveinbjörnssyni fyrir að sjá um okkur og sýna okkur áhugaverða staði á Ísafirði. Einnig viljum við þakka Ólínu Þorvarðadóttur skólameistara.“



Hluti nemanna með Halldóri Sveinbjörnssyni kajakraðara.

Ritstjórnargrein

Aldrei fór ég suður

Sumt er nú bara einu sinni þannig að það verður ekki endurtekið. Hafi aðstandendur rokkhátíðarinnar „Aldrei fór ég suður“, sem haldin var með þvílíkum ágætum á páskum 2004, að eftir var tekið um land allt, verið haldnir kvíða yfir því að ekki væri hægt að endurvekja hina ólýsanlegu stemmningu er þá sveif yfir vötnunum, þá er hann áreiðanlega fókinn út í veður og vind.

Frumkvæði þeirra Mugisonfeðga og hvernig þeir hafa aukið veg tónlistarbæjarins Ísafjarðar á músíkkortinu, verður hvorki þakkað sem vert er né lagt undir mælistöku verðmæta af neinu viti. Fjölskylduhátíðin, þar sem öllum tegundum tónlistar ægði saman og allt um kring um hinn eina og sanna Villa Valla, sem búinn er að skemma Vestfirðingum með hljómlist sinni frá því hann man eftir sér og gott betur, er komin til að vera.

Hallgrímur á Hrafnseyri

Frá því að Hallgrímur Sveinsson hóf kennslu og rekstur skóla og sumargistingu á Hrafnseyri við Arnarfjörð fyrir rúmum fjórutíu árum og þar til nú að hann lætur af störfum, sem staðarhaldari og starfsmaður Hrafnseyrarnefndar í áratugi, hefur mikil og góð breyting átt sér stað á þessum sögufræga stað.

Hrafnseyrar er ekki lengur helst getið í skólabókum grunnskólanema, sem fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, forseta, heldur er staðurinn orðinn vel þekktur áningarstaður ferðafólks, sem fýsir að bera hann augum og stíga niður fæti á þeim stað er frelsisheitjan leit fyrst dagsins ljós.

Engum blöðum er um það að fletta að vel hefur verið að verki staðið í allri uppbyggingu á Hrafnseyri og mikil alúð lögð í að skapa staðnum það umhverfi er hæfir minningu Jóns Sigurðssonar. Þangað er mikla sögu að sækja. Þótt margir hafi að verki komið undir forsjá Hrafnseyrarnefndar skal ekki á neinn hallað þótt nafn Hallgríms Sveinssonar sé að þessu sinni þar eitt tilgreint. Fullyrða má að hann hafi gefið sig allan í að halda nafni staðar og sögu hans hátt á lofti. Þegar Hallgrímur dregur sig nú til hlés skulu honum færðar sérstakar þakkir Vestfirðinga, sem og íslensku þjóðarinnar allrar.

– s.h.

Orðrétt af netinu

Davíð gleymdist

Kvartanir um að fulltrúar Stöðvar 2 í flugvél hafi ráðið mestu um það við hverja Bobby Fischer talaði við komuna til Reykjavíkurflugvallar að kvöldi skírdags, 24. mars, og jafnvel platað lögregluna til að halda öðrum frá hinum nýja íslenska ríkisborgara sýna, hve skráttin tilvik geta orðið að fréttafni í tengslum við söguleg atvik. Lögum samkvæmt er krafist 1350 kr. fyrir hvert ríkisborgarabréf. Þessi óverulegi kostnaður við útgáfu bréfsins hefur ekki verið fréttafni, fyrr en nú hefur Einar S. Einarsson í stuðningshópi Fischers oftast en einu sinni minnt á það í fjölmiðlum, að hann hafi greitt um 1.300 kr. fyrir bréfið vegna Fischers. [...] Smáatriði eins og þessi við komu Fischers mega ekki gleymast frekar en að Helgi H. Jónsson flutti skírdagskvöld fréttaskýringu í sjónvarpinu um aðdraganda að komu Fischers til landsins, án þess að minnast einu orði á þátt Davíðs Oddssonar. Ef Davíð hefði ekki tekið af skarið skómmu fyrir jól, hefði atburðarásin, sem leiddi til komu Fischers, ekki hafist.

bjorn.is – Björn Bjarnason

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

Fullt á þrenna tónleika Eyjólfssonar

Söngvarinn góðkenni Eyjólfur Kristjánsson skemmti gestum SKG-veitinga á Hótel Ísafriði þrjú kvöld í Skíðavíkinni þ.e. að kvöldi skírdags, að kvöldi föstudagsins langa og kvöldið fyrir páska. „Tónleikarnir voru mjög vel heppnaðir og allir voru ánægðir. Það var fullt á

laugardag og nánast fullt hina dagana en um átta tugir gesta voru í hvert skipti“, segir Snorri Bogason hjá SKG Veitingum. Eyjólfur söng og lék á gítar fyrir gesti að loknum kvöldverði en þetta var í fyrsta sinn sem hann skemmtir í Skíðavíkinni. – thelma@bb.is



Rúmlega 16% samdráttur í aflaverðmæti á síðasta ári

Ríflega 8% aflasamdráttur

Á árinu 2004 var landað 44.793 tonnum af sjávarfangi á Vestfirðum að verðmæti rúmlega 4,2 milljarðar króna. Á árinu 2003 var landað 53.463 tonnum að verðmæti rúmlega 4,6 milljarðar króna. Er samdrátturinn því rúm 16,2% í magni og rúm 8% verðmætum talið. Þetta kemur

fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Afeinstökum fisktegundum má nefna að mest aukning er í ýsuafla á milli ára. Hann var 4.904 tonn árið 2003 en 6.664 tonn árið 2004. Aukningin er því tæp 36% í magni en aflaverðmæti ýsunnar jókst úr 383 milljónum króna í 459 milljónir króna eða um rúm 20%.

Þess vegna er verðmæti hans jókst lítillega á milli ára.

Mestur samdrátturinn er hins vegar í afla steinbíts. Á árinu 2004 var landað 6.016 tonnum en 3.210 tonnum árið 2003 og nemur samdrátturinn því um 47%. Samdrátturinn í aflaverðmæti var mun meiri

eða tæp 58% og var aflaverðmætið í fyrra 200 milljónir en 472 milljónir árið 2003. Þá var einnig mikill samdráttur í rækjuveiðum. Í fyrra var landað 4.638 tonnum af rækju að verðmæti 427 milljónir króna en árið áður var landað 6.931 tonni að verðmæti 653 milljónir króna. – hj@bb.is

Ónákvæmir útreikningar stjórna- enda MÍ á hlutfalli réttindakennara

Stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði segjast standa við yfirlýsingu þá er þeir birtu á dögumunum þrátt fyrir bréf sem ritað var undir fyrir hönd nafnlausu fyrrverandi kennara við MÍ. Í því bréfi kemur m.a. fram að útreikningur stjórna- enda um hækkanði hlutfall réttindakennara við skólann hafi verið rangur. Ólína segir að tölur í yfirlýsingu stjórna- enda hefðu mátt vera nákvæmari. Hið rétta sé að frá hausti 2001 til haustsins 2004 hafi hlutfall réttindakennara við skólann hækkað úr 30% í 70%, en ekki úr 20% í 80% eins og

upphaflega var haldið fram. Í áður nefndu bréfi kemur fram að stjórnsýslukæra hafi verið send Menntamálaráðuneytinu þann 12. janúar síðastliðinn. Ólína ítrekar að hvorki henni né menntamálaráðuneytinu sé kunnugt á þessari stundu um stjórnsýslukæru. Hins vegar hafi ráðuneytinu verið sent bréf Elnu Katrínar Jónsdóttur þann 15. febrúar en það bréf nái ekki máli sem stjórnsýslukæra.

Í bréfinu er birt var í BB í síðustu viku var Ólína sjálf talin til réttindalausra kennara. Hún segir að um þetta mál



Menntaskólinn á Ísafirði.

hafi verið fjallað sumarið 2001 af menntamálaráðuneytinu og frá því sé meðal annars sagt á heimasíðu ráðuneytisins frá þeim tíma. „Þar kemur fram að þegar ég sótti um stöðu skólameistara vorið 2001 hafði ég ekki sótt um leyfisbréf til ráðuneytisins til kennsluréttinda, enda þótt ég uppfyllti í reynd starfshæfi framhaldsskólakennara. Um leið og ég sótti um starfið sendi ég umsókn um starfsréttindi inn í ráðuneytið, eins og lög gera ráð fyrir. Matsnefnd þriggja manna sem starfar samkvæmt lögum fór yfir þá umsókn og

komst að þeirri niðurstöðu að ég uppfyllti skilyrði lögverndunarlega fyrir veitingu starfsréttinda sem framhaldsskólakennari. Var sú ákvörðun tekin á grundvelli menntunar minnar og 6 ára kennslureynslu á grunn- og háskólastigi.“

Ólína segir það verða hlutverk dómstóla að kveða upp dóm í máli því sem Ingibjörg Ingadóttir hefur höfðað til ógildingar áminningu er henni var veitt. „Fyrir dómi verða rangfærslur er hafðar hafa verið uppi í því máli hraktar en ekki í fjölmiðlum“ segir Ólína. – *hj@bb.is*

Fiskveisla kattarins í Sundahöfn

Um páska veitir mannfólkið sér ýmislegt í mat og drykk. Það á ekki síst við um Ísfróinga sem í 70 ár hafa haldið Skíðavíku sína þar sem fjölmargt er gert til skemmtunar. Hann var greinilega ákveðinn í að veita sér munað í mat kötturinn sem átti leið um Sundahöfnina á Ísafirði á páskadag. Hann sá að sjómenn höfðu hengt upp bútung og hvað er betra en máturela siginn fiskur. Grétar Sigurðsson fylgdist með undirbúningi veislunnar og tók meðfylgjandi ljósmyndir. Á myndunum sannast að þeir eru færir í flestan sjó sem eru kattliðugir.



Það verður enginn mettur af því að horfa á kræsingar.



Ætli ég nái þeim niður með því að stökkva þarna upp?



Nei það er sennilega betra að teygja sig eftir fisknum.



Hann bragðast nú alltaf best maturinn þegar maður hefur lagt mikið á sig til að afla hans.

Það borgar sig að vera áskrifandi!



Súðavíkurhreppur

Alútboð

Súðavíkurhreppur óskar eftir tilboðum í byggingu iðngarða, tveggja iðnaðarhúsa sem reisa skal á Langeyri í Súðavík.

Bygging húsanna er boðin út í alútboði, þ.e. leiðað er tilboði í hönnun og framkvæmd verksins samkvæmt forsögn.

Húsunum skal skila fullfrágengnum að utan en þau skulu mismikið frágengin að innan. Hvort hús um sig skal vera 540m² að stærð. Verklök eru áætluð 30. september 2005.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, frá og með miðvikudeginum 30. mars 2005.

Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 27. apríl 2005 kl. 14:00.

Húsfyllir á söngskemmtun í Hömrum

Húsfyllir var á söngskemmtun sem Herdís Anna Jónsdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir buðu til í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, á skírdag. „Skemmtunin gekk vonum framur og mun fleira fólk kom en við þorðum að vona. Við skemmtum okkur mjög vel og vorum mjög ánægðar“, segir Herdís.

Hún og Þórunn fluttu meðal annars dúetta eftir vestfirsk tónskáld, íslensk sönglög og ljóðasöngva við píanóundirleik Sigríðar Ragnarsdóttur.

– *thelma@bb.is*



Herdís Anna Jónsdóttir syngur hér við undirleik Sigríðar Ragnarsdóttur.



Þórunn Arna Kristjánsdóttir gaf Herdísu ekkert eftir í söngnum.

Möguleikarnir í vestfirskri ferðapjónustu eru óteljandi

– rætt við Rúnar Óla Karlsson, ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar, ferðagarp og jadaríþróttamann



Rúnar Óli Karlsson starfar sem ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar og hefur unnið að mörgum verkefnum sem stuðla að betri ferðamennsku á Vestfjörðum. Einnig hefur hann verið virkur á ýmsum öðrum vettvangi, meðal annars var hann einn af stofnendum Rokkhátíðar alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, sem hlotið hefur mikla athygli. Auk þess er Rúnar Óli íþróttamaður sem hefur ferðast víða til að iðka ýmsar jadaríþróttir. Bæjarins besta ræddi við Rúnar Óla um ferðamálastefnu Ísafjarðarbæjar, hugmyndir hans um ferðamál á Vestfjörðum, íþróttir og rokkhátíðina Aldrei fór ég suður. Fyrst er hann spurður hversu lengi hann hafi starfað hjá Ísafjarðarbæ.

„Ég kom inn í starfið haustið 1999 beint úr námi. Ég lauk landfræði í Háskóla Íslands með áherslu á ferða- og umhverfismál. Lokaverkefni mitt fjallaði einmitt um sjálfbæra ferðamennsku á norðanverðum Vestfjörðum. Ég sá starfið auglýst og sótti um. Það var mikil heppni að fá starf heima. Við höfðum stefnt að því að koma aftur heim en eftir fjögurra ára dvöl í Reykjavík höfðu tengslin við heimahagana rofnað lítillega og því hefðum við alveg getað hugsað okkur að vera áfram þar. Maður hafði kynnst mörgu fólki fyrir sunnan svo það var ýmislegt sem togaði líka í mann þar.“

– Frá því að þú tókst við sem ferðamálafulltrúi hefur ferðamannastraumurinn og umfang starfsins aukist.

„Já, þróunin hefur verið mjög jákvæð og rannsóknir sýna að straumur ferðamanna til Vestfjarða er að aukast. Hlutfallslega hefur mesta aukningin á gistinóttum hérlandis verið á Vestfjörðum undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur gistinótt-

um á norðanverðum Vestfjörðum fjölgað um 40% milli ára 1998 og 2003. Engu að síður erum við langt fyrir neðan önnur svæði í komum ferðamanna. Þannig er Norðurland mun fjölsóttara en Vestfirðir og við erum töluvert á eftir Austurlandi. En mesta aukningin er á okkar svæði, sem bendir til þess að við erum að gera eitthvað rétt. Áhuginn á Vestfjörðum er að aukast og sérstaklega á meðal Íslendinga. Ef við ættum að selja útlendingum Vestfirði yrði að koma til öflugt samstarf Ferðamálaráðs, flugfélaga og ferðapjónustufyrirtækja á Vestfjörðum.

Sjálfsagt eru margar ástæður fyrir því að hlutfall erlendra ferðamanna á Vestfjörðum er ekki herra en það er. Sú mynd sem sköpuð hefur verið af Íslandi er jökjar, hverir, Geysir, hraun og eldfjöll. Vestfirðingar eiga lítið af þessu og því eru Vestfirðir oft á tíðum ekki fyrsti kostur erlendra ferðamanna. Ekki þarf að fjölyrða um samgöngureða samgönguleysi. En eitt er það sem við þurfum að gera mun meira af, en það er vörubrúun í ferða-

þjónustu. Mér finnst við ekki hafa staðið okkur nógu vel á því sviði. Hlutfall ferðamanna sem eru að leita að sérstakri upplifun og vilja fjölbreytta afþreyingu er alltaf að aukast á heimsvísu og við þurfum að fylgjast vel með til að sitja ekki eftir. Hér eigum við fullt af möguleikum. Þess má geta, að núna um miðjan apríl verður á Ísafirði ráðstefna sem ber yfirskriftina „Náttúra Vestfjarða og ferðamennska“ og þar á að ræða þessi mál.

Samgöngurnar hafa þó breyst heilmikið til hins betra. Íslendingum sem eiga leið hingað vestur kemur á óvart hve vegirnir eru góðir miðað við hryllingssögurnar sem hafa verið sagðar í gegnum árin. Enda hafa vegirnir lagast mikið. Sjálfur man maður hvernig var að skröltast um Djúpið með pabba og mömmu, ælandi ofan í plastpoka í aftursætinu.

Vestfirðingar hafa mikið unnið saman og við viljum selja Vestfirði sem eina heild til að fá fólk inn á svæðið. Við viljum senda þau skilaboð, að ef fólk er að koma með Baldri yfir Breiðafjörð til að skoða

Látrabjarg, þá verði það að taka hringinn fyrst það er á annað borð komið og fara einnig á norðursvæðið. Eins ef fólk kemur keyrandi Djúpið, að fara þá til baka í hina áttina og sjá suðurfirðina í leiðinni. Það hefur reynst mjög gæfusamt að vinna saman að þessu. Þó vantar betra gistirými á sunnanverða Vestfirði til að sinna þeim hópum sem ferðast saman. Kröfurnar hafa aukist og viðskiptavinurinn vill betri þjónustu fyrir peninginn. Við höfum því miður ekki boðlega gistingu á sunnanverðu svæðinu fyrir stóru hópum sem vilja klasa hótलगistingu. Nýtt gistirými í Breiðavík hefur samt breytt miklu og þau Keran og Birna eru að gera góða hluti þar. Nú eru uppi hugmyndir um að byggja hótél á Patreksfirði. Það væri ótrúlegur munur ef það yrði gert.“

Leggja ber áherslu á Látrabjarg

„Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að markaðssetja Látrabjarg af krafti ef við ætlum að selja ferðamönnum Vestfirði. Ef það er einhver staður sem er einstakur á Vestfjörðum og með gott aðgengi, þá er það Látrabjarg. Ég nefni ekki staði eins og Hornvík þar sem aðgengi til að taka á móti stórum ferðamannahópum er ekki til staða. Við ættum reyna að tryggja fjármagn til að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn á Látrabjargi og fá fjármagn til að markaðssetja bjargið sem einstakan stað í heiminum. Núna er engin

þjónusta í boði þar. Ekki einu sinni salerni. Þegar ferðamenn eru komnir inn á Vestfirði er björninn unninn að mestu leyti.

Á norðanverðum Vestfjörðum eru nokkur verkefni í ferðamálum sem hafa skilað árangri. Eitt þeirra er verkefni sem kallast einfaldlega Fundir og ráðstefnur. Þar höfum við sérstaklega verið að markaðssetja Ísafjörð sem ráðstefnubæ en það hefur áhrif á allt svæðið í kring. Það hefur skilað sér mjög vel. Sem dæmi má nefna, að það var tvöföldun í notkun gistingu á Hótel Ísafirði vegna ráðstefnuhalds í fyrra. Markhópurinn sem þar um ræðir gistir og borðar, heldur veislur og fer í rútuferðir. Þessi hópur er líka að koma á mjög góðum tíma eða á haustin og vorin þegar lítið er um að vera í ferðamannahópustunni.

Við gerðum kynningarefni sem allir þjónustuaðilar á svæðinu tóku þátt í og fórum með það suður á ferðaskrifstofur og skrifstofur sem sérhæfa sig í að skipuleggja fundi og ráðstefnur. Við fengum Flugfélag Íslands til að aðstoða okkur við að koma kynningarefninu á framfæri. Það hefur skilað árangri en einnig höfum við kynnt verkefnið vel hér heima fyrir. Stofnanir, félög og fyrirtæki hér geta boðist til þess að vera gestgjafar stærri aðila sem tengjast þeim.

Við erum að byrja í verkefni sem heitir „Seljum norðurljósin“ og snýst eins og nafnið gefur til kynna um að selja norðurljósin til erlendra ferðamanna. Þar erum við í sam-

starfi við Kópavog, Höfn í Hornafirði, Mývatn og Vopnafjörð. Nokkur svæði í heiminum hafa náð ótrúlegum árangri í þessu, t.d. Yellowknife í Norður-Kanada, sem hefur tekist að skapa yfir 170 störf á tíu árum sem eingöngu þjónusta norðurljóskoðara. Okkar samstarf gengur út að markaðssetja frábært myndefni sem kvikmyndatökumaðurinn Jóhann Ísberg og félagar hans hafa framleitt og tengja það við þessa áfangastaði. Þetta myndefni er einstakt í heiminum en þarna hefur í fyrsta skipti tekist að mynda norðurljósin í rauntíma, nokkuð sem margir hafa spreytt sig á en engum nema þeim tekst. Myndefnið er gífurlega verðmætt og hafa margar sjónvarpsstöðvar erlendis falast eftir efninu. Við ætlum að fara að vinna í vörubrúun fyrir þennan markhóp og ýmsar hugmyndir eru í farvatninu.“

Rokkhátíð til að bregðast við snjóléysi

„Við sóttum um styrk til Ferðamálaráðs til verkefnis sem kallast Króna á móti krónu. Þá auglýsum við fyrir hálf milljón og fáum hálf milljón króna á móti. Við einbeittum okkur að því að auglýsa Fundi og ráðstefnur, Skíðavíkuna, bátamenningu og ferðir og allt sem því tengist. Eins og til að mynda siglingar út í eyjarnar á Ísafjarðardjúpi og norður í Jökulfirði. Okkur fannst þurfa að vekja athygli á því að ekki þarf að fara með bakpoka í vikuförð

til að upplifa Hornstrandir. Hægt er að fara í dagsferð eða jafnvel einungis í siglingu án þess að fara í land. Við höfum lagt mun meira fjármagn í að auglýsa Skíðavíkuna undanfarin tvö árin áður. Sem betur fer er það ekki fé úr vasa skattgreiðenda heldur höfum við náð mjög góðum samningum við fyrirtæki sem starfa á landsvísu til að taka þátt í markaðssetningu hátíðarinnar. Þess vegna voru auglýsingar í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum oft á dag fyrir Skíðavíkuna.“

– Skíðavíkan tengist nú orðið meira menningarviðburðum en skíðaþróttinni. Er það áhyggjuefni þeirra sem að henni standa?

„Margir hafa viljað breyta nafni hátíðarinnar vegna snjóleysisins en ég er ekki samála því. Þetta má alveg heita Skíðavíka þó fáir hafi farið á skíði síðustu árin. Nafnið er þekkt og rótgróið og það er í raun mjög verðmætt. Nær allir þekkja Skíðavíkuna á Ísafirði og það mun vissulega snjóá hér aftur. Hvort sem það verður á næsta ári eða eftir 20 ár, þá snjóar einhvern tíma aftur. Ég er að upplifa það fyrst núna að fólk þekki Skíðavíkuna almennt. Þá er ég ekki að tala um skíðamenn sem að sjálf-sögðu þekkja hátíðina, heldur fólk almennt.“

Líður í því að bregðast við snjóleysinu er Rokkhátíð alþýðunnar. Segja má að við höfum dottið þar niður á fjandi fína lausn. Eitt stórt verkefni og vandamálið leyst. Einnig er allt annar markhópur að koma vegna hátíðarinnar en það er fólk sem er ekkert að koma á skíði. Við höfum stílað inn á að hafa rokkhátíðina Aldrei fór ég suður sem fjöl-skylduhátíð. Í fyrra komu afar og ömmur með barnabörnunum og það myndaðist mjög skemmtileg stemning. Við viljum alls ekki að hátíðin snúist upp í fyllirifestival fyrir unglinga. Ef það gerðist væri það algjört slys. Þess vegna höfum við verið í mjög góðu samstarfi við lögregluna hér til að koma í veg fyrir það.

Við erum nú að færa hátíðina aðeins út í önnur byggðarlög og verðum með teiti í Bolungarvík á öðrum degi hátíðarinnar. Hátíðin verður stærri en í fyrra og við höfum þurft að neita mörgum hljómsveitum sem vildu koma að spila. Við treystum okkur bara ekki í að taka fleiri atriði. Við erum ekki að borga neinum en samt komust færri að en vildu. Vonandi náum við að halda þessu tempói. Hátíðin fékk mikla athygli í fyrra og meðal annars komu erlendir blaðamenn til að fjalla um hana og svo verður einnig nú. Við félagarnir höfum verið að vinna í hátíðinni upp á eigin spýtur og viljum halda því áfram. Ég er t.d. ekki að vinna að þessu sem starfsmaður Ísafjarðarbæjar nema að hluta.“

Alþjóðlegar keppnisgreinar á Ísafirði

„Ísafjarðarbær er þátttakandi í Evrópuverkefninu Usevenue sem þróaðist út frá skíðabæjum í Svíþjóð og Finnlandi. Í skíðabæjunum er mikið að gera á veturna en allt steindautt yfir sumarið. Við komum inn á þeim forsendum að vera skíðabær þó að við séum náttúrulega ekki á sama stigi og t.d. Tärnaby í Svíþjóð þar sem flogið er með viðskiptavini frá Japan til þess að fara á skíði. En engu að síður höfum við það orðspor að vera skíðabær og urðum þátttakandi í verkefninu.“

Hugmyndafræðin á bak við verkefnið er sú, að til þess að fá fleiri ferðamenn á jafnartímum er efnt til skemmtilegra viðburða. Þátttakendur eru norðlægir staðir utan alfaraleiðar, sem glíma við erfiðar samgöngur. Við leggjum til ákveðin verkefni sem við ætlum að fara í og fáum þá ákveðna aðstoð til þess að þróa þau. Viðburðirnir sem við ætlum að fara í eru Skíðavíkan, Siglingadagar, mýraboltinn og Fossavatnsgangan. Ástæðan fyrir valinu er sú, að þessir viðburðir geta bæði virkað erlendis og innanlands. Sérstaklega hefur Fossavatnsgangan mikla möguleika á því að slá í gegn á erlendri grundu. Það hefur mýraboltinn líka efs eins vel tekið til hjá okkur og hjá Finnunum. Þeim tókst að snúa þessu úr gríni hjá nokkrum gönguskíðamönnum í að vera viðburður sem fleiri þúsund manns sækja. Þar koma keppnislið alla leið frá Ástralíu til að vaða drullu í myri heila helgi. Finnarnir hafa nánast ekki eytt krónu í að markaðssetja þetta heldur aðallega komið þessu á framfæri á veraldarvefnum og svo hefur orðsporlið séð um restina.

Finnarnir eru snillingar í að koma viðburðum á framfæri sem engum öðrum myndi detta í hug að höfði til fólks. Tökum sem dæmi heimsmeistaramótíð í farsímakasti sem hefur vakið þvilíka athygli. Þeir hafa fengið stóran styrktaraðila sem er Nokia og farsímakastið hefur slegið í gegn. Einnig keppa þeir í dorgveiði í gegnum ís í 25 stiga hita á sumrin. Þeir eru með kork og bora í hann gat sem menn dorga í gegnum. Mikil hefð er fyrir því að dorga í gegnum ís í Finnlandi og þeir spila inn á það.

Markhópur mýraboltans er ekki atvinnumenn heldur þeir sem gera þetta meira að ganni. Það er ótrúlega stór hópur sem spilar einn til tvo tíma í viku í íþróttahúsum um allt land og við ætlum að ná til hans. Eins fyrirtæki og stofnanir, en áhugi fyrir fótbolta er eins og flestir komu erlendir blaðamenn til að fjalla um hana og svo verður einnig nú. Við félagarnir höfum verið að vinna í hátíðinni upp á eigin spýtur og viljum halda því áfram. Ég er t.d. ekki að vinna að þessu sem starfsmaður Ísafjarðarbæjar nema að hluta.“

Við höfum verið að vinna mikið í Fossavatnsgöngunni. Við fáum fjármagn í gegnum verkefnið til að fá sérfræðinga á svæðið. Fulltrúi frá Alþjóða skíðasambandinu (FIS) kemur í sumar til að meta brautina svo hún verði vottuð sem al-



Rúnar Óli brunar niður brekku á Grænlandi. Ljós: Eiríkur Gíslason.

þjóðleg keppnisbraut. Slíkt kostar mikinn pening en verkefnið borgar það. Með þessu höfum við meiri möguleika á að gera Fossavatnsgönguna að alþjóðlegum viðburði og fá fleiri keppendur. Hjá FIS er í bígerð að setja á stofn skandinavíska mótarið sem væri eins og smærri útgáfa af mótariðum eins og Worldloppet sem inniheldur meðal annars Vasagönguna. Það er meiriháttar mál að komast inn í slíka mótarið en FIS ætla að gera litla seríu og Ísland yrði með í því. Fossavatnsgangan er stærsta, fjölmennasta og lengsta almenningsgangan á Íslandi og því sjálfkjörin inn í þann pakka.

Stefnt er að því að Ísland verði þátttakandi í þessu strax 2006 og þá er Ísafjörður kominn inn í mótarið sem kynnt er á alþjóðlegum grundvelli. Þá gætu farið að detta inn 50-100 keppendur á hverju ári. Reyndar höfum við einnig fengið mann á vegum Wordloppet til að meta aðstæður hérna. Hann heitir Hannes Larsen og tók þátt í Fossavatnsgöngunni í fyrra. Honum leist vel á aðstæðurnar og það er því möguleiki að við gætum tekið þátt í þeirri risastóru skíðagönguseríu. Ef úr því yrði þarf að taka því af fullri alvöru eins og í Svíþjóð þegar Vasagangan er. Þá er öllu tjaldað, frí í öllum skólum til að hafa gistirými fyrir fleiri og öll helgin fer í að sinna keppendum sem koma víða að. Hjá Svíunum er Vasagangan mjög mikilvæg og saga hennar löng. Í ár var mjög snjólétt svo þeir þurftu að moka 90 km keppnisbraut sem kostaði hundrað milljónir. Þeir voru harð-ákveðnir í því að Vasagangan félli ekki niður.

Auk Usevenue er ég að vinna í öðru Evrópuverkefni sem heitir BIRRA (Broadband in Rural and Remote Areas) og snýst um að skilgreina stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatekni þegar horft er til þátta eins og menntunar, heilsgæslu og vinnumarkaðar. Farið er inn á hvernig á að nýta upplýsingatekni í stjórnmálum og menntun á sviði stjórnsýslu, menningar og vinnumarkaðs. Ísafjarðarbær og Skagafjörður eru íslensku

þátttakendurnir. Hver þátttakandi er flokkaður eftir því hvar hann stendur þegar kemur að upplýsingatekni. Við fáum heimikla sérfræðiráðgjöf hvernig við eigum að bæta okkur og hvað það munni kosta. Þegar sú vinna er búin höfum við sterkt tæki til að sækja um styrki til að bæta okkur. Búið að kostnaðargreina og útlísta hvernig við ætlum að fara að því, sem er mjög gott að hafa til staðar þegar sótt er um styrki. Eitt það besta við þetta verkefni að það kostar aðeins 97 evrur að taka þátt í því sem er um 5000 krónur íslenskar.“

Ein allsherjarútvistarhátíð

„Siglingadagar hafa verið að þróa hjá okkur. Ég vil breyta þeim enn meira og þróa út í að verða ein allsherjarútvistarhátíð fyrir alla fjölskylduna en ekki eingöngu miðað við sjósport. Dagskráin yrði full af alls konar viðburðum sem myndu henta fyrir alla. Foreldrarinn gætu t.d. látið barnið í flugdrekanámskeið á meðan þeir fara á kajak eða í fjallaklifur. Í boði gætu verið viðburðir allt frá fallhlífarstökki til yoga uppi á fjalli. Einnig væru dagskrárliðir sem fjölskyldan gæti tekið þátt í saman því að allir hafa gaman af einhvers konar útvist. Öll félagsamtök bæjarins yrðu virkjuð til að vera með. Hestamenn yrðu virkjaðir til að vera með hestanámskeið og skotveiðifélagið gæti boðið fólki að skjóta á skífu, skátafélagið væri með gönguferðir, skíðaþurftu að moka 90 km keppnisbraut sem kostaði hundrað milljónir. Þeir voru harð-ákveðnir í því að Vasagangan félli ekki niður.“

Ég myndi vilja að sett yrði upp sportbátamiðstöð á Ísafirði þar sem allri þjónustu við bátana yrði sinnt. Hér eru toppaðstæður fyrir slíkt, góðar bryggjur og góð þjónusta. Eigendur bátanna myndu senda þá hingað og koma svo til að fara í ferðir á svæðinu. Hvað er skemmtilegt við að eiga sportbát í Reykjavík þar sem

ekkert er að skoða? Það væri alveg rakið að hafa þetta hér og hafa flotta bryggju fyrir sportbáta og skútur á Pollinum. Eigendurnir kæmu svo hingað og færðu í ferðir að skoða Hornstrandir, Jökulfirði, Ísafjarðardjúp, Dýrafjörð, Arnarfjörð og fleiri svæði hér vestra. Þessa hugmynd hafa fleiri en ég verið að spá í.“

Á skíðum á austurströnd Grænlands

– Nú ertu sjálfur mikill íþróttagarpur. Hvaða íþróttir stundarðu helst?

„Ég hef sagt að ég sé hafi áhuga á öllu sporti þar sem vél kemur ekki við sögu og maður þarf að hafa hjálm. Ég er hrifinn af öllu sem er líkamlega erfitt. Ég hef mikið verið á skíðum og ekki bara í lyftunum heldur einnig að ganga upp á fjöll. Einnig hef ég gaman af fjallaklifri, ísklifri, fjallahjólreiðum, kajak og nú síðast hef ég verið að prófa sjósportið kite-surfing. Það er skylt seglaþróttinni nema hvað flugdrekar eru notaðir til að draga iðkandann áfram á bretti. Síðasta sumar komu þrír kite-surfarar frá Englandi og héldu námskeið í íþróttinni. Það hentar ágætlega í íslensku aðstæðum eins og t.d. við Holt í Öndarfirði. Englendingunum fundust aðstæður þar alveg frábærar enda hittu þeir á frábært veður. Það var heiðskír og stöðug innlög, endalaus sandur og ekkert fólk að þvælast fyrir. Erendis hefur það verið vandamálið að sportið geti valdið fólki hættu og því er búið að banna það mjög víða. Það er hætt við því að böndin sem fest eru við flugdrekana, sem eru mjög kraftmiklir, geti farið í fólk með þeim afleiðingum að það stórslast.“

Maður hefur prófað ýmislegt og nú síðasta vor fór ég ásamt fjórum öðrum til Grænlands í skíðaferð. Við vorum þrír frá Ísafirði, Gylfi Ólafsson, Eiríkur Gíslason og ég. Hinir tveir voru frá Reykjavík, Karl Ingólfsson og Sigurgeir Gunnarsson. Allir sem þekkja til í fjallasportinu vita hver Karl er, hann er mikill snillingur og þaulvanur. Fyrir hann

að fara til Grænlands er eins og fyrir Ísfirðinga að skreppa til Bolungarvíkur, hann hefur farið þangað svo oft. Við leigðum okkur eina fjallaskálann sem er á austurströndinni og ferðumst um. Við vorum á svæði sem heitir Scheizerland. Þar er tindur við tind og ofsalega fallegt. Við vorum þar í viku og skíðuðum endalaust. Við flugum til Kulusuk og fórum á báti eins langt og hægt var að fara inn í Tasillaqfjörð eða þar til ísinn var orðinn svo þykkur að við þurftum að ganga. Þetta var ótrúlega gaman og við höfðum fjöllin algjörlega fyrir okkur sjálfa því það er enginn þarna. Við vorum þarna í maí en mér finnst vorið vera besti ferðatíminn, þegar snjóinn er enn til fjalla en samt góðra veðra von.

Við þvældumst þarna um og lentum í ýmsum ævintýrum, meðal annars var stolið dóti sem við skildum eftir niður í Tasillaqfirði. Við höfðum skilið eftir tjöld, prímus, víski og eitthvað fleira eftir niðri í firðinum þegar við fórum upp í skála. Þegar við komum til baka var það horfið og eftir lágu hundasleðaför. Ég held að sá sem stal því hafi haldið að þetta væru einhverjir óskilamunir. Við fundum dótið aftur en það voru ekki margir staðir sem komu til greina og raunar gat þjófurinn aðeins verið frá einu þorpi. Við fórum þangað og bönkuðum á dyr og spurðum hvort þeir könnuðust við einhvern sem hefði verið á hundasleða í Tasillaqfirði daginn áður. Á endanum svaraði sá sem við spurðum játandi og sagði að það hefði verið hann. Við spurðum hvort hann hefði tekið dót þar. Hann játti því og það var ekkert mál að fá það til baka. Hann var reyndar búinn að skipta dótinu og þurfti að ná í prímusinn og fleira í næstu hús. Viskíið var að vísu búið en við spurðum ekki að því“, segir Rúnar Óli og hlær.

Þessi ævintýramaður sem hér hefur verið rætt við býr yfir mörgum hugmyndum hvernig megi bæta og styrkja ferðamennsku á Vestfjörðum. Enda er hann maður sem nýtur þess að ferðast sjálfur.

– thelma@bb.is



Aldrei fór ég suður gekk vonum frammar

Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar, gekk að sögn skipuleggjenda vonum frammar. Aðspurður segir Rúnar Óli Karlsson, einn þeirra sem veg og vanda áttu að skipulagningu hátíðarinnar, að mikið af fólki hafi komið til bæjarins gagnert vegna hennar. „Ekki var snjórinn að draga fólk í bæinn. Það kom skemmtilega á óvart hversu vel allt gekk og hversu vel gestir höguðu sér. Drykkja var ekki til vandræða og sannkölluð fjölskyldustemming ríkti á tónleikunum. Þá var gaman að sjá að fólk á öllum aldri var á hátíðinni“, segir Rúnar Óli. Alls voru 29 tónlistaratriði í boði á hátíðinni og



sáu heimamenn um tæplega helming þeirra. Hátíðin hófst í Edinborgarhúsinu á Ísafirði klukkan 15 á laugardag og stóð samfelt til klukkan 2 á aðfaranótt páskaðags. Talið er að tæplega þúsund manns hafi verið í húsinu þegar mest var. Helstu styrktaraðilar hátíðarinnar

voru Íslandsbanki, Flugfélag Íslands og Síminn sem sýndi beint frá hátíðinni á Internetinu. Þá komu ýmis fyrirtæki, félagsamtök og einstaklingar að hátíðarhöldunum. Búast má við fleiri myndum frá hátíðinni á ljósmyndavef bb.is innan tíðar.
– halfdan@bb.is



● Sælkeri vikunnar • Íris Indriðadóttir á Ísafirði

Grænn kjúklingur

Sælkeri vikunnar býður að þessu upp á grænan kjúklingarétt sem er bæði einfaldur og bragðgóður. Íris mælir með að rétturinn sé borinn fram með hrísgrjónum, heitu hvítlauksbrauði og fersku salati. Einnig býður Íris upp á ídyfu sem hún segir að sé mjög vinsæl í partýum. Þá henti uppskriftin vel með tveimur pokum af Doritos snacki.

Grænn kjúklingur

2 dósir Campbell sveppa-súpa

1 dós grænn aspas
5 msk majónes + safinn af aspasinum
¼ tsk karrý
1 kjúklingur
Ostur

Sjóðið kjúklinginn og rífið niður. Blandið saman súpunni, majónesinu, aspasinum og karrýinu í skál. Setjið kjúklinginn saman við. Stráðið loks osti yfir. Hitið í ofni í 30 mínútur við 180° hita.

Partý-ídyfa

400 g rjómaostur

1 krukka taco sósa
3-4 tómatar
1 rauðlaukur
Iceberg salat
Maribó ostur rifinn yfir
Ólífur eftir smekk
½ dós sýrður rjómi

Hrærið rjómaost og taco sósunni saman í blandara og setjið í botn á formi. Blandið grænmetinu saman og setjið yfir. Stráðið osti yfir og slettið að lokum sýrðum rjóma yfir.

Ég skora á Helgu Salóme Ingimarsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.



Gjaldfrjáls leikskóli sparar barnafólki miklar fjárhæðir

Fjölskylda með þrjú börn á leikskóla í Ísafjarðarbæ þarf að afla tæplega 43 þúsund krónum hærri tekna á mánuði en sama fjölskylda á Akureyri til þess að fjármagna sömu leikskóladvöl eftir að ný gjaldskrá leikskóla Akureyrarbæjar tekur gildi þann 1. maí. Gjaldskrá Akureyrarbæjar hefur verið í hærri kantinum en nú hefur verið boðuð lækun hjá flestum börnum um 25%. Þá hefur yfirlýsing borgarstjórans í Reykjavík um gjaldfrjálsan leikskóla á næstu árum að vonum vakið mikla athygli. Um miklar fjárhæðir er að tefla fyrir barnafólk. Sem dæmi má nefna að fjölskylda með þrjú börn á leikskóla á Ísafirði greiðir tæpar 870 þúsund krónur á ári sé miðað við 11 mánaða dvöl. Til þess að afla þeirra fjármuna má ætla að þurfi 1,5 milljónir í tekjur á árin eða ríflega 120 þúsund krónur á mánuði. Leikskólagjöld vega því mjög þungt í heimilisrekstri barnafólks.

Eftir yfirlýsingu borgarstjóra Reykjavíkur hefur útspil Akureyrarbæjar í leikskólamálu í síðustu viku fallið í skuggann en þar var ákveðið að lækka leikskólagjöld hjá flestum börnum um 25% frá



Leikskólinn Sólborg er stærsti leikskóli á Vestfjörðum.

1. maí. Í könnunum sem bb.is hefur staðið fyrir á leikskólajöldum einstakra sveitarfélaga hefur Akureyrarbæ verið í hærri kantinum en þó nokkru lægri en þau hæstu. Með það aðri breytingu eykst því munur leikskólagjalda á Akureyri og í Ísafjarðarbæ verulega.

Eftir 1. maí verður leikskólagjald fyrir átta tíma vist á Akureyri 22.197 krónur á mánuði en í Ísafjarðarbæ 32.675 krónur eða um 47%

hærri. Munurinn eykst eftir því sem börnum fjölga því systkinaafsláttur er hærri á Akureyri en í Ísafjarðarbæ. Sem dæmi má nefna að fjölskylda greiðir um 51 þúsund krónur á Akureyri en 79 þúsund krónur í Ísafjarðarbæ eða um 55% herra gjald. Miðað við 11 mánaða dvöl er munur milli þessara tveggja sveitarfélaga ríflega 307 þúsund krónur á ári. Til þess að afla þeirra fjár-

muna má ætla að þurfi ríflega 500 þúsund króna hærri tekjur á ári eða tæpar 43 þúsund krónur á mánuði. Þess má geta að hér er tekið tillit til þeirrar rýrnunar sem verður á ráðstöfunartekjum við skattálagningu. Af ofangreindu má sjá að það getur skipt barnafólk verulegu máli hver leikskólagjöldin eru á þeim stöðum sem fólk hyggst setja að á.

- hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Drög að tillögu að matsáætlun vegna snjóflóðavarna í Holtahverfi neðan við Bröttuhlíð í fjallinu Kubba mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 31. mars nk. til og með 14. apríl 2005. Athugasemdum skal skilað til bæjarskrifstofunnar fyrir 15. apríl 2005.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



Innilegar þakkir færur við öllum sem sýndu okkur hlýhug og vinsemd við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu

Guðmundu Jóhannsdóttur Hlíf II, Ísafirði

- Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og til sambylisfólks á Hlífi
- Theódóra Kristjánsdóttir Elias Ingimarrson
- Ólöf Friðgerður Kristjánsdóttir Kristján Friðrik Björnsson
- Páll Kristjánsson Sigríður Sveinsdóttir
- Ósk Sigurborg Kristjánsdóttir
- Guðmundur Þór Kristjánsson Elenborg Helgadóttir
- Kristján Eyjólfur Kristjánsson Lára Leifsdóttir
- Ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubörn

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Samþykkir kaup á íslenskri veflausn

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt kaup á veflausn frá fyrirtækinu Íslenskum fyrirtækjum ehf. eftir að starfshópur bæjarins um stefnumótun í tölvumálum ítrekaði fyrri tillögu sína þar um og bæjarstjóri hafði mælt með því. Vonast er til að ný heimasíða lífi dagsins ljós í sumar. Starfshópur Ísafjarðarbæjar um stefnumótun í tölvumálum gerði fyrir nokkru tillögu til bæjarráðs um að tekið yrði tilboði frá Íslenskum fyrirtækjum ehf. í gerð nýrrar heimasíðu fyrir bæinn. Í kjölfar tillögu frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni bæjarfulltrúa fól bæjarráð starfshópinu að kanna kostnað við sambærilega heimasíðugerð hjá öðrum fyrirtækjum þar sem ekki var eftir til útbóds.

Í bréfi sem Ingi Þór Ágústsson formaður starfshópsins sendi bæjarráði á dögunum kemur fram að haft hafi verið samband við nokkur af stærstu sveitarfélögum landsins og forsvarsmenn þeirra spurðir hvaða aðferð hafði verið notuð við að selja verktafi við gerð heimasíðu og hvort settar hafi

verið fram ákveðnar kröfur um þau verkefni sem ný heimasíða átti að leysa. Einnig var spurt um kostnað. Athygli vekur að ekki var leitað til þeirra fyrirtækja er bjóða veflausnir. Ingi Þór segir að eðlilegra hafi þótt að leita beint til þeirra sveitarfélaga sem eru með sambærilegar lausnir og kanna kostnað þeirra frekar en að leita til einstakra fyrirtækja.

Fram kemur í bréfi Inga Þórs að kostnað við gerð heimasíðna sveitarfélaganna hafi legið á bilinu 1,4-8 milljónir króna „og er þá þróunarkostnaður og kostnaður vegna vinnuframlags eigin starfsmanna í sumum tilfellum ekki innifalinn“, segir í bréfi Inga Þórs. Þá kemur fram að ekkert þeirra fimm sveitarfélaga er svörðuð fyrirspurninni hafi algjörlega sambærilega veflausn og þá lausn sem í boði sé fyrir Ísafjarðarbæ. Ítrekar hann því þá tillögu að gengið verði til samninga við Íslensk fyrirtæki ehf. Í samtali við blaðið segir Ingi Þór að tilboð fyrirtækisins hafi verið um 1,7 milljónir króna.

Á fundi bæjarráðs var einnig

lagt fram bréf Halldórs Halldórssonar til bæjarráðs. Í því segir m.a.: „Þá tók starfshópurinn þá ákvörðun að gera tillögu um nýja heimasíðu fyrir Ísafjarðarbæ – ekki síst vegna þess að tíma tekur að setja upp nýja síðu og að flytja efni af þeirri eldri yfir á hina nýju. Þá hefur undirritaður lagt á það áherslu að tillaga um heimasíðu þurfi ekki að bíða þar til heildarstefnumótun í tölvumálum liggja fyrir. Mikilvægt sé að virkja nýja heimasíðu sem fyrst. Með nýrri heimasíðu kemur möguleiki til frekari hagræðingar í störfum á skrifstofu bæjarins eftir því sem fleiri sækja þjónustu í gegnum vefinn.“

Þá segir einnig í bréfi Halldórs: „Eftir að hafa vegið og metið þau atriði sem hér eru nefnd telur undirritaður rétt að fara að tillögum okkar ágæta starfshóps um stefnumótun í tölvumálum.“ Bæjarráð samþykkti að fara að tillögu Inga Þórs og Halldórs en Lárus Valdimarsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sat hjá við afgreiðslu málsins.

- hj@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: elgnir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Sunnuholt 2: 311 m² glæsilegt einb. hús á tveimur hæðum með tvöfaldrum bílgeymslu og ræktuðum garði. Verð 20,5 m.kr.

Seljalandsvegur 48: 188 m² nýlegt einbýlishús á þremur þöllum með innbyggðri bílgeymslu. Verð 16,0 m.kr.

Seljalandsvegur 54: 113 m² nýlega uppgerð einb. hús á 2 hæðum. Verð 10,5 m.kr.

Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldrum bílgeymslu. Fallegt útsýni. Verð 16,6 m.kr.

Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikilið uppg. Verð 12,0 m.kr.

Bakkavegur 8, Hnífsdal: 182 m² steinsteyppt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:

Túngata 20: 89 m² íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.

Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herb. íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

Stórholt 13: 103 m² 4ra herb. íbúð á 3.h. ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. Tilboð óskast

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:

Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jarðhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Verð 2,7 m.kr.

Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:

Thal Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttum, tekjum og íböldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast

Sólbaðs og nuddstofa til sölu, leigu eða. í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, Turbo ljósabekkur o.fl. Tilboð óskast

Súðavík:

Vallargata 4: 112 m² nýlegt

parlhús úr timri á einni hæð. Verð 7,0 m.kr.

Nýjar íbúðir við Skógarbraut
Allar íbúðir skilast fullmánuðar án gólflefa og innréttinga. Hægt er að kaupa 38m² bílgeymslu með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinnng. á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinnng. á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herb. íbúð með geymslu/baðstofulofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 103: 133 m² stór 3ja herb. íbúð á neðri h. í fjörb. Verð 10,5 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 104: 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinnangi. Verð 9,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 203: 153,5 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð með baðstofu. Verð 11,5 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Til sölu er Suzuki Marander 800 mótörhjól, árg. 2001, ekið 3600 mílur. Klassa hjól. Uppl. í síma 847 8517.

Til leigu er fullbúin 2ja herb. íbúð á Akureyri. Leigist til lengri eða skemmri tíma yfir sumarmánuðina. Upplýsingar í síma 868 1343.

Okkur bráðvantar pössun fyrir hádegi (8-12) í apríl og maí fyrir 13 mánaða gamla dóttur okkar. Ef þú getur hjálpað okkur, hafðu þá samband við Mörthu í síma 895 7157 eða Maron í síma 856 2021.

Til sölu eru tveir Lazy Boy stólar, tvíburavagn, Cracoróla, Britax ungbarnabílastóll og Fisher Price ömmustóll. Uppl. gefur Sóley í síma 456 3421.

Nokia 3310 GSM sími tapaðist á balli í Félagsheimlinu Hnifsdal á miðvikudagskvöld í síðustu viku. Finnandi hafi samband við Hilmar í síma 897 8579.

Til sölu er píanó. Uppl. gefur Margrét í síma 862 1855.

Óska eftir tvíbreiðu rúmi. Uppl. í síma 616 1938 og 868 7408.

Erstu búinn að gleyma páskaeggjahappdrættinu? Kíktu á miðann. Ósöttir vinningar eru á miðum nr. 28,39,70,87,130,134,296,360,385,419 og 512. Vinningshafar vinsamlegast hringið í síma 869 1375 eða 845 7246.

Kaupir og leigir húseignir

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt að kaupa húsið Túngötu 15 af Sumarbyggð hf. á 3,2 milljónir króna og leigja fyrirtækinu húsið til þriggja ára. Þetta var gert að tillögu Guðjóns Kjartanssonar oddvita.

Húsið er í gamla þorpínu og hefur á undanförunum árum verið nýtt sem sumarhús. Þá samþykkti hreppsnefndin einnig að leigja Sumarbyggð hf. húseignina að Túngötu 13 til þriggja ára. Tillögurnar voru samþykktar með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði Alberts Heiðarssonar sem taldi eðlilegra að Túngata 13 yrði auglýst til sölu.

– hj@bb.is



Ísfirskar perlur slógu í gegn

Tónlistarskemmtunin „Ísfirskar perlur“ sló í gegn í skemmtistaðnum Krúsinni á Ísafirði um páskana. „Skemmtunin heppnaðist alveg rosalega vel og fékk mjög góðar viðtökur. Við urðum ekki vör við annað en að bæði flytjendur og gestir hafi verið hæstánægðir“, segir Gróa Böðvarsdóttir sem

rekur skemmtistaðinn Krúsina. Á skemmtuninni kom fram úrvalslíð ísfirskra dægurlagasöngvara sem skipað er Ingibjörgu Guðmundsdóttur, Reyni Guðmundssyni, Margrétu Geirsdóttur og Rúnari Þór Péturssyni ásamt stórsveit BG. Auk söngdagsskárinnar var boðið upp á kvöldverð og

dansleik. Skemmtunin var haldin þrisvar sinnum og var uppselt á föstudag og laugardag og aðeins nokkur sæti laus á páskadag. Þess má geta að skemmtunin sló einnig í gegn á sólarlaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík sem fór fram á Broadway í janúar en á því voru um 800 gestir. – thelma@bb.is



STAKKUR SKRIFAR

Menntaskólinn

Sá ágæti maður séra Karl Valgarður Matthíasson ritar á vef BB og ræðir þar ágæti Ólínu Þorvarðardóttur og lætur þess getið að þau hafi náð vel saman í stúdentapólitík Háskóla Íslands. Það er gott að geta þess sem gott er. Hann víkur einnig að því að hann hafi þjónað Vestfirðingum bæði á vegum guðs og ríkisvalds. Fyrir það ber að þakka. Um leið og hann kveður Ólínu Þorvarðardóttur hinn mætasta mann sneiðir hann að BB og sérstaklega Stakki fyrir neikvæð skrif um málið. Það er ágætt að sjá annað út úr skrifum en ætlað var. Hið eina sem sagt var sneri að því að gott væri að bera til baka það sem ekki væri hægt að staðreyna. Að auki var vikið að því að viðbrögð skólameistara á liðnu hausti hlýtu að vera rétt, þar sem engin eftirmál urðu. Athygli var var dregin að þeirri staðreynd, að ungmenni er hlut áttu að máli ættu ekki lagalegan rétt á áfengisnaut. Hóllt væri þó mörgum okkar eldri að leiða hugann að því hvernig við og skólafélagar okkar höguðum okkur á þessum aldri. Áfengisnaut hefur oft loðað við framhaldsskóla á þessa lands, þótt ekki hafi hún verið til sóma. Fáir eru heilagir er áfengið á hlut að máli.

Athygli var vakin á þeirri sögulegu staðreynd að fyrir meira en tveimur áratugum voru deilur uppi í Menntaskólanum á Ísafirði. Niðurstaðan hlýtur að vera sú, að ekki sé um nýtt fyrirbrigði að ræða. Sá ágæti maður, Björn Teitsson, sem séra Karl nefnir til, átti einnig við óánægju kennara að etja.

Björn komst vel frá riflega tveggja áratuga stjórni við Menntaskólann á Ísafirði. Hinu er ekki að neita að á sínum tíma sýndist sitt hverjum. Nú hefur aðeins verið beðið um staðreyndir og ekkert annað. Einnig er bent á nauðsyn þess, ekki síst með tilliti til sögunnar að skólinn sé hafinn yfir dægurþras. Hann er okkur of dýrmætur til þess að vera dregin niður á eitthver þrasplan. Varla telur séra Karl það neikvæða umræðu frekar en það, að biðja lesendur að biða eftir niðurstöðu málaferla fyrir dómstólum. Þau hafa ekki verið borin til baka. Þvert á móti hefur sá ágæti maður Björn Jóhannesson lögmaður sagt að biða beri niðurstöðu þeirra. Hann er lögmaður skólans og er greinilega sammála Stakki hvað þetta varðar. Hvað er þá neikvætt?

Hinu er ekki að neita að almenningi bregður við það að kennarar stefni meistara sínum og formaður Félags framhaldsskólakennara skori á menntamálaráðherra að „gera rækilega úttekt á framgöngu skólameistara Menntaskólans á Ísafirði gagnvart samstarfsfólki sínu og hlutast til um aðgerðir sem feli í sér varanlegar úrbætur“. Að auki segir formaðurinn að hrein ógnarstjórn ríki í samskiptum skólameistara við kennara. Stór orð það. Svo stór eru þau, að sá sem þau lætur sér um munn fara gerir sér full ljóst að búi þar ekki alvara að baki kann viðkomandi að gjalda þess sjálfur. Sú sem lét þessi orð falla var Elna Katrín Jónsdóttir formaður félagsins. Henni hlýtur að vera alvaran ljós.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lambasmásteik



Lambahryggur frosinn

30% afsláttur
Verð 874 kr/kg

Verð 398 kr/kg

Svinakótelettur

31% afsláttur
Verð 899 kr/kg



Tilboð 31. mars - 3. apríl



179 kr

Pepsi og Pepsi Max 2 ltr.



99 kr/kg

Appelsínur og rauð epli



199 kr

Samkaups eldhúsrútur 4 stk.



Huggies bleyjur á tilboðsverði



349 kr

Emmess skafis 1,5 ltr.



Tilboðsverð 99 kr

Nattúru appelsínusafi 1 ltr.
Nattúru ACE drykkur 1 ltr.
Nattúru eplasafi 1 ltr.

Samkaup úrval

Opn: Vekudaga: 9.00 - 21.00 • Laugardaga: 10.00 - 21.00 • Sunnudaga: 12.00 - 21.00

Godavík • Hafnarfjörður • Njarðvík • Kaldfjörður • Akureyri • Dalvík • Sigulíðfjörður • Ólafsfjörður • Húusvík • Eghvatafi • Selfoss • Borgarnes • Blönduá

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
31. mars, 90. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1955 var allri áhöfn togarans Jóns Baldvínssonar, alls 42 mönnum, bjargað er togarinn strandaði við Reykjanes.

Pennan dag árið 1967 mældist 205 cm snjódypt á Raufarhöfn, sem er með eindæmum í þéttbýli.

Pennan dag árið 1979 var Steingrímur Hermannsson kjörinn formaður Framsóknarflokksins og gegndi starfinu í ein fimmtán ár.

Pennan dag árið 1989 var nýtt geislameðferðartæki, svonefndur línuhraðall tekinn í notkun í K- byggingu Landsspítalans.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 33 árum



Miklar annir Flugfélagsins

Páskadagarnir eru að vanda mikill annatími hjá Flugfélagi Íslands í innanlandsflugi, enda hyggur margur borgar-búinn á ferðir í annan landshluta til skíðaiðkunar eða námsfólk heldur heim til að eyða páskahelginni í faðmi fjölskyldunnar.

Í gær flutti Flugfélagið um 250 farþega til Ísafjarðar og rúmlega 200 til Akureyrar. Í dag var gert ráð fyrir að flytja um 600 manns til Akureyrar, þar af eru ráðgerðar tvær þotuferðir, 3 Fokkerferðir og að líkindum 2 ferðir DC-6 vélar félagsins. Ennfremur mun þá verða flogið með um 200 manns til Sauðárkróks, með á annað hundrað manns til Eyja og um 220 til Ísfjarðar, svo og annarra staða samkvæmt áætlun.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Suðlæg átt 5-13 m/s, hvassast austantil. Víða rigning, einkum um landið sunnanvert. Hiti 5-10 stig.

Horfur á laugardag:
Snýst í hvassa norðanátt með snjókomu um landið Norðvestanvert. Annars hægari og úrkomulítið.

Horfur á sunnudag:
Norðanátt og éljagangur, en bjartviðri á Suður- og Vesturlandi. Frost 0-6 stig.

Horfur á mánudag og þriðjudag:
Norðaustlæg átt, skýjað með köflum. Áfram kalt í veðri.

● Spurning vikunnar

Hvar hefðir þú helst viljað hafa fjölskyldudagskrá Skíðavíkkunnar?

Alls svöruðu 434. – Á Seljalandsdal sögðu 123 eða 28% – Í Tungudal sögðu 50 eða 12% – Í miðbænum sögðu 261 eða 60%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Heimir Hansson, safnvörður hjá Byggðasafni Vestfjarða

Páskarnir rólegir í Kanada

„Það er allt gott að fréttu. Ég er í námi í Kanada sem mætti útlægja á íslensku sem stjórnun íþróttamála eða sport management. Okkur liður mjög vel hér en við búum í frekar litlum bæ sem heitir Frederikton þar sem 50 þúsund manns búa. Þetta er huggulegur og þægilegur háskólabær þar sem á annan

tug íbúanna tengjast háskólanum. Hér er gott að vera og sérstaklega með börn. Námið sem ég er tekur tvö ár og við munum svo sjá hvað setur eftir það.

Það örlaði þó á smá heimþrá er við kiktum á bb-vefinn í síðustu viku og sáum að Skíðavíkan og allt var að fara í gang heima. Hér eru pásk-

arnir mjög rólegir og ekki neitt sérstakt um að vera. Fólk tekur því rólega og er bara heima hjá sér eftir að hafa sótt messur. Ég held að Kanadamenn séu almennt kirkjuræknari heldur en Íslendingar. Vorið er að koma og nærri allur snjór farinn svo lítil von er um að maður geti skellt sér á skíði eins og hefð er fyrir heima.“




Sprettganga Núps var spennandi að vanda.

Eigum að halda í hefðina

Skíðavíkan á Ísafirði er orðinn fastur liður í tilverunni enda eru 70 ár liðin frá því hátíðin var fyrst haldin. „Þessi úti- og fjölskylduhátíð okkar snýst um svo margt fleira en skíði. Sérstaklega í seinni tíð hefur hátíðin boðið upp á svo margt fleira spennandi. Ég er mjög stoltur af því að við Ísfirðingar höfum átt Skíðavíkanuna í 70 ár og ég veit ekki um margar útihátíðir sem eru eldri. Við eigum að halda í hefðina og ekki gefast upp þótt blási á móti hvað snjóinn varðar“, segir Jónas Gunnlaugsson, formaður Skíðafélags Ísfirðinga.

Í sjö áratugi hefur fjöldi

gesta lagt leið sína til Ísafjarðar til að njóta þess sem hátíðin hefur upp á að bjóða og skella sér á skíði. Þrátt fyrir snjóleysi var aðsókn á Skíðavíkanu í ár mjög góð og iðandi mannlíf í bænum. Fjölmenni var viðstatt er Skíðavíkan var hátíðlega sett á Silfurtorgi miðvikudag fyrir páska og er boðið var upp á ýmis skemmtiatriði. Setningin hófst með skrudgöngu frá Ísafjarðarkirkju við tóna Lúðrasveitar Ísafjarðar í miðbæinn þar sem meðal annars Mikki refur var mættur til að gleðja yngstu kynslóðina. Sprettganga byggingavörverslunarinnar Núps fór svo fram í Hafnarstræti en eins og



Mikki refur var viðstaddur setningu Skíðavíkkunnar. kunnugt er hefur verið brugðið heiðar og flytja í miðbænum á það ráð að sækja snjó upp á síðustu ár.



Marserað var á Silfurtorg við lúðrapyt Lúðrasveitar Ísafjarðar.

● **Borgin mín** · Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar

Ein mesta menningarborgin

„München er mér mjög kær enda sú borg sem ég hef komið oftast til, ég bjó þar einu sinni og systir mín býr þar enn. Ég kem þang- að reglulega og fór seinast nú um jólin. Þar var mjög jólalegt og fallet um að lit- ast. Umhverfið í kring er mjög fallett en borgin er



nálægt Ölpunum. Hún er einnig ein mesta menningar- borg Evrópu, þar er mikið úrval tónleika, leikhúss og myndlistar. Mannlífið er einnig mjög skemmtilegt þarna, mikið aft.d. skemmti- legum kaffihúsum og Munc- hen er mjög eftirsótt af Þjóð- verjum til búsetu.“



● **Vestfirskar Þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

Enginn vaskur

Kristján Ólafsson (Óla Villa) á Ísafirði er svokallaður hobbibóndi og á sauðkindur ásamt föður sínum og mörgum öðrum í fjárhúsum í Engidal í Skutulsfirði. Vinna margir saman að þessum búskap. Á haustin slátra þeir sjálfir og kjótið er eingöngu til heimilisnota. Þar sem margir eru um hituna auglýsti Kristján í DV eftir frystigámi sem ætlunin var að geyma í kjöt og aðrar sláturafurðir. Nokkru síðar hringir maður úr Reykjavík í Kristján, segist eiga fyrir- taks frystigám og lýsir honum í smáatriðum. Hvað kostar hann? spurði Kristján. Hundrað og fimmtíu þúsund með vaski, svaraði maðurinn. Nokkru seinna fór Kristján suður að líta á gáminn. Þegar hann var búinn að skoða gáminn í krók og kring sagði hann: Það er enginn vaskur í honum.

● **Starfið** · Dóra Hlín Gísladóttir, framkvæmdastjóri rannsóknastofunnar Agar á Ísafirði



Draumastarfið væri að vetnisvæða landann

„Ég hef starfað sem fram- kvæmdastjóri Agar ehf í nú mánuði. Í starfinu felast al- menn skrifstofustörf og skrif- finnska sem tilheyrir svona fyrirtæki, gerð vottorða, gerð reikninga, að greiða reikninga og laun, umsjá gæðahand- bókar og gæðakerfis. Svo er ég einnig mikið að vinna við

mælingarnar, sá sýnunum og umsá. Mælingarnar snúast að mestu um að leita að mis- munandi bakteríum og ýms- um efnasamböndum í sjávar- fangi og öðrum matvælum. Hefðbundinn dagur hjá mér er að ég mæti klukkan átta og yfirleitt fer morguninn í að hlúa að sýnunum. Hver viku-

dagur hefur sitt hlutverk og eru því t.d. mánudagar flestir svip- aðir og þriðjudagar svipaðir. Við byrjum yfirleitt á að sá sýnunum í mismunandi æti (fer eftir hvaða bakteríum við erum að leita að) og svo er að gá að sýnunum frá í gær og fyrradag. Mæla salt (NaCl) ef eitthvað er og ganga frá. Eftir mat tekur

við skrifstofuvinna, útbúa vottorð, greiða reikninga, gera reikninga, greiða laun og ann- að sem til fellur Starfið er skemmtilegt og fjölbreytt og hér í Þróunarsetri- nu er fullt af skemmtilegu fólki. Þegar ég var yngri ætlaði ég fyrst að verða flugfreyja en

hætti við það mjög fljótlega og ákvað að verða rithöfund- ur, það entist bara í ár þannig að frá 7 ára til 18 var ég með alla möguleika opna. Þá ákvað ég að verða verkfræð- ingur. Draumstarfið mitt væri að vetnisvæða landann,“ segir Dóra Hlín Gísladóttir, fram- kvæmdastjóri Agar ehf.

● **Brennslan mín** · Skúli Þórðarson, trúbador á Ísafirði

Stundum er nauðsynlegt að dansa

Það er meira en að segja það að hnoða saman tíu laga lista af tilefni sem þessu, þó komst ég niður á eftirfarandi:

- 1. Súlnareki – Megas**
Sex ára gamall uppgötvaði ég einn merkilegasta lista- mann þjóðarinnar og hef ekki látið plötumar hans frá mér síðan. Súlnarekinn er ákaf- lega smart.
- 2. Swordfishtrombones – Tom Waits**
Þetta lag af samnefndri plötu er eitthvað svo ólýsan- lega töff. Bassahljómurinn og tréspilið fá mann gjörsam- lega til þess að gleyma stað og stund.
- 3. Road – Nick Drake**

- 4. Man in the long black coat – Bob Dylan**
Gamall draumur rættist þegar ég skrapp á Dylan-tón- leika í Sheffield fyrir nokkru. Mjög sérstakt ferðalag og uppúr stendur þegar Dylan muldraði þetta lag fyrir tón- leikagesti. Jú og auðvitað dýragarðurinn í London.
- 5. A picture from life's other side – Woody Guthrie**
Eitt lag af endalausum laga-

- 6. Raining in Darling – Bonnie „Prince“ Billy**
Skemmtilegt og fallett lag. Fullkomið í gluggaveðrið.
- 7. Don't let it bring you down – Neil Young**
Það er með Neil Young eins og aðra á þessum lista, það er nær ómögulegt að velja frá honum eitt lag umfram önnur. Þetta lag hefur þó farið áberandi oft á fóðinn í vetur.
- 8. Folsom prison blues – Johnny Cash**
Johnny Cash var auðvitað mesti töffarinn í bransanum og það væri alveg glatað að gleyma setja hann á lista.

- 9. Crawlin' kingsnake – John Lee Hooker**
Þessi blúsari var engum líkur og það er alltaf tími til þess að setjast niður, loka augunum og sökkva sér ofan í góðan blús með mönnum á borð við John Lee Hooker, Buddy Guy, Robert Johnson og Blind Lemmon Jefferson.
- 10. Einn dans við mig – Hemmi Gunn**
Það er ekki hægt að sitja enda- laust með kassagítar og alvar- legan svip einsog einhver djúppenkjandi Dylan, stund- um er nauðsynlegt að dansa. Þetta er potþétt dansilag og textinn með því besta sem ger- ist. Ég veit þó hreint ekki hver fer betur með þetta lag, Hemmi



Skúli Þórðarson. Gunn eða hann Hörður frændi minn.

● **Sportíð í beinni**

- SkjárEinn:**
Laugardagur 2. apríl:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Charlton – Man. City.
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Liverpool – Bolton
Kl. 16:15 – Enski boltinn: Southampton – Chelsea
- Sunnudagur 3. apríl:*
Kl. 12:30 – Enski boltinn: Fulham – Portsmouth
Kl. 15:05 – Enski boltinn: WBA – Everton.
- Sýn:**
Laugardagur 2. apríl:
Kl. 18:20 – Ítalski boltinn: AC Milan – Brescia.
Kl. 20:25 – Spænski boltinn: Villarreal – Bilbao.
- Sunnudagur 3. apríl:*
Kl. 14:20 – Meistaradeild: Ciudad Real – Montpellier
Kl. 22:00 – NBA boltinn: Cleveland – Dallas
- Þriðjudagur 5. apríl:*
Kl. 18:30 – Meistaradeildin: Liverpool – Juventus.
- Miðvikudagur 6. apríl:*
Kl. 18:30 – Meistaradeildin: Chelsea – Bayern M.

- Canal+ Norge:**
Laugardagur 2. apríl:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Charlton – Man. City
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Blackburn.
Kl. 18:25 – Ítalski boltinn: AC Milan – Brescia
- Sunnudagur 3. apríl:*
Kl. 15:05 – Enski boltinn: WBA – Everton
- Canal+ Sport:**
Laugardagur 2. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Arsenal – Norwich
Kl. 16:10 – Enski boltinn: Southampton – Chelsea
Kl. 20:30 – Enski boltinn: Liverpool – Bolton
Kl. 22:20 – Enski boltinn: Newcastle – Aston Villa
- Sunnudagur 3. apríl:*
Kl. 12:25 – Enski boltinn: Fulham – Portsmouth.
- **Kirkjustarf**
- Guðspjónusta á Hlíf**
sunnudaginn 3. apríl kl. 14:00. Kór Ísafjarðarkirkju syngur. Sr. Stína Gísla- dóttir þjónar fyrir altari.
- Gerist áskrifendur í síma 456 4560**



Útgerðarmenn fimmtán báta sem gerðir eru út frá Bolungarvík senda sjávarútvegsráðuneytinu bréf

Mótmæla úthlutunarreglum byggðakvóta

Útgerðarmenn 15 báta sem gerðir eru út frá Bolungarvík hafa sent sjávarútvegsráðu-

neytinu bréf þar sem þeir mótmæla harðlega þeim reglum sem bæjarstjórn Bolungarvík-

ur samþykkti fyrir skömmu um úthlutun þess 100 tonna byggðakvóta er í hlut bæjarins

kom. Telja útgerðarmennirnir að í reglunum „sé augljós mismunun á milli útgerðaraðila“ og einnig telja þeir að með reglunum sé verið að hegna mönnum fyrir að eiga viðskipti við fiskmarkaði í Bolungarvík.

Eins og kom fram í frétt hér í blaðinu fyrir stuttu, samþykkti meirihluti bæjarstjórnar að skipta byggðakvótanum í þrennt og kæmi stærsti hluti kvótans, 75 tonn, í hlut þeirra báta er landa afla sínum til fiskvinnslu í Bolungarvík.


Minnihluti bæjarstjórnar vildi hins vegar fara aðrar leiðir við úthlutun kvótans. Á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur í síðustu viku var lagt fram bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu þar sem óskað var eftir afstöðu bæjarstjórnar til þessara mótmæla útgerðarmanna. Bæjarráð lét bóka að það óskaði eftir svari frá ráðuneytinu um hvort einhverjir meinbugir séu á úthlutunarreglunum.

Soffía Vagnsdóttir bæjarfulltrúi lét bóka eftirfarandi:

„Í ljósi þeirra reglna sem meirihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur gerði tillögur um til sjávarútvegsráðuneytis varðandi úthlutun byggðakvóta, mátti ljóst vera að slík mótmæli sem nú hafa verið viðhöfð myndu koma fram. Undirrituð ítrekar vilja fulltrúa hins hnífafna minnihluta um þær reglur sem hann lagði fram um úthlutun byggðakvóta og lagði grunn að sem mestri virðisaukningu í þágu sem flestra íbúa Bolungarvíkur.“ – *hj@bb.is*

Pokkaleg aðsókn að skíðasvæðinu

Pokkaleg aðsókn var að skíðasvæði Ísfirðinga yfir páska hátíðina þrátt fyrir erfiðar aðstæður, en einungis Miðfellslyfta svæðisins var höfð opin. „Það var slæðingur af fólki alla dagana þrátt fyrir að lítið væri um snjó og þeir sem komu skemmtu sér vel“, segir Jóhann Króknes Torfason, forstöðumaður skíðasvæðisins. „Í heildina heppnaðist Skíðavikan vel og var slysalaus og niðurstaðan er sú að menn eru sáttir. Við höfum haft skíðasvæðið opið 64 daga frá áramótum sem er helmingi meira en í fyrra“, segir Jóhann. Meðfylgjandi mynd var tekin upp á Botnsheiði þar sem margir skíðamenn hófu ferðina að Miðfellslyftunni.



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Sýnir ánægju í verki með frumkvæði Íslandsbanka

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, afhenti Hallgrími Magnúsi Sigurjónssyni, útibússtjóra Íslandsbanka, blómakörfu og ritsafnið *Firðir og fólk* í síðustu viku. Afhendingin fór fram í nýrri símsvörunaraðstöðu bankans á Ísafirði. „Þarna er ég í raun að fylgja eftir bókun atvinnumálanefndar og sýna ánægju bæjar- yfirvalda í verki, en við erum mjög ánægð með þetta frumkvæði Íslandsbanka“, segir Halldór. Eins og kunnugt er ákvað Íslandsbanki nýverið að sinna símvörslu og upplýsingagjöf frá Ísafirði. Hafa fjórir starfsmenn nú þegar hafið störf, en gert er ráð fyrir því að þeir verði orðnir tíu á fyrri hluta næsta árs. – *halfdan@bb.is*



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar færir Hallgrími Magnúsi Sigurjónssyni blómakörfu og ritsafn sem þakklætisvott frá Ísafjarðarbæ.

BB sigraði í Spurningakeppni fjölmiðlanna

Liðsmenn Bæjarins besta, þeir Halldór Jónsson og Hlynur Þór Magnússon, sigruðu í Spurningakeppni fjölmiðlanna sem fram fór á Rás 2 um bænadaga og páska. Í lokabætti keppinnar á annan í páskum, slógu þeir út Fréttastofu Sjónvarpsins í undanúrslitum og sigruðu síðan Fréttablaðið í úrslitarímmunni. Áður höfðu þeir BB-menn mætt liðum Stöðv-

ar2/Bylgjunnar og Fréttastofu Útvarps.

Spurningakeppni fjölmiðlanna hefur verið við lýði um þessa hátíðisdaga um árabil en þetta var í fyrsta sinn sem Bæjarins besta er boðin þátttaka. Tólf lið hófu keppni að þessu sinni en hér er um útsláttarkeppni að ræða. Úrslit í fyrstu umferð urðu þau, að Fréttastofa Sjónvarps vann Morgunblaðið, fréttavefurinn

mb.is vann Sunnlenska fréttablaðið, Talstöðin vann DV, Fréttastofa Útvarps vann Útvarp Sögu, Fréttablaðið vann Víkurfréttir og Bæjarins besta vann Stöð2/Bylgjuna.

Líkt og aðrir keppendur fengu þeir Hlynur Þór og Halldór páskaegg og bók frá Rás 2. Aðalverðlaunin fyrir sigurinn hjá hvorum fyrir sig eru hins vegar helgardvöl fyrir tvo á Hótel Búðum á Snæfellsnesi.



Hlynur Þór og Halldór að unnum sigri í hljóðveri Svæðisútvarps Vestfjarða með páskaegginn og bækurnar ásamt Guðrúnu Sigurðardóttur hjá RÚVEST.